

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 14. maí 2021.

Mál nr. 29/2020:

Birkir Leósson

(Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður)

gegn

D&T sf.

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

Lykilorð

Starfslok. Uppgjör. Hagnaðarhlutdeild. Sýkna.

Útdráttur

Í málinu var deilt um uppgjör við starfslok B hjá D-samstæðunni 2017 við innlausn á eignarhlut hans í D sf. við starfslok. B reisti báðar aðalkröfur sínar á því að gera hefði átt upp við hann í samræmi við ákvæði laga nr. 50/2007 um sameignarfélög. Í dómi Landsréttar var hafnað þeirri kröfu B að við innlausn eignarhluta hans í D sf. yrði beitt annarri reikningsaðferð um uppgjör við útgöngu úr félaginu en þeirri sem getið væri um í samkomulagi A-félagsmanna í D sf. frá 14. nóvember 2013. Væri sú niðurstaða í samræmi við meginreglur samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Einnig var hafnað kröfu B um viðurkenningu á rétti hans til hlutdeildar í hagnaði D sf. vegna þess rekstrarárs þegar innlausn hluta hans átti sér stað. Þá hafnaði Landsréttur jafnframt þeim þætti kröfugerðar B sem byggðist á því að hann ætti rétt til hlutdeildar í hagnaði sem haldið hafði verið eftir í D sf. vegna rekstraráranna 2012/2013 til og með 2016/2017. Loks taldi Landsréttur að B hefði ekki sýnt fram á að D sf. hefði í málinu sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi sem D sf. bæri ábyrgð á. Stóðu því engin rök til þess að taka til greina kröfu B um viðurkenningu á rétti til bóta úr hendi D sf. Var því hafnað öllum málsástæðum B í málinu og staðfest niðurstaða héraðsdóms um að sýkna D sf. af kröfum B.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir og Kjartan Arnfinnsson endurskoðandi.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 10. janúar 2020. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 20. desember 2019 í málinu nr. E-910/2018.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að fallist verði á dómkröfur hans sem settar eru fram í áfrýjunarstefnu á eftirfarandi hátt:

1. Krafa vegna innlausnar eignarhluta áfrýjanda í D&T sf.

Áfrýjandi krefst þess aðallega að stefndi greiði sér 135.109.881 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2018 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess að stefndi greiði sér 14.411.928 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2018 til greiðsludags.

2. Krafa vegna hagnaðarhlutdeildar.

Áfrýjandi krefst þess aðallega að viðurkenndur verði réttur hans til 1/18 hlutdeildar í hagnaði stefnda vegna tímabilsins 1. júní 2017 til 1. janúar 2018. Til vara krefst áfrýjandi þess að viðurkenndur verði réttur hans til 1/18 hlutdeildar í hagnaði vegna tímabilsins 1. júní 2017 til 1. nóvember 2017 og að viðurkennd verði bótaskylda stefnda á tjóni áfrýjanda sem hlaust af því að eignarhlutur hans var innleystur 1. nóvember 2017 í stað 1. janúar 2018. Að því frágengnu krefst áfrýjandi þess að viðurkenndur verði réttur hans til 235/3975 hlutdeildar í hagnaði stefnda reikningsárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018 í réttu hlutfalli við þann tíma sem áfrýjandi naut réttinda sem eigandi eignarhluta í stefnda frá 1. júní 2017 til 1. janúar 2018. Að því frágengnu krefst áfrýjandi þess að viðurkenndur verði réttur hans til 235/3975 hlutdeildar í hagnaði stefnda reikningsárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018 í réttu hlutfalli við þann tíma sem áfrýjandi naut réttinda sem eigandi eignarhluta í stefnda frá 1. júní 2017 til 1. nóvember sama ár og að viðurkennd verði bótaskylda stefnda á tjóni áfrýjanda sem hlaust af því að eignarhlutur hans var innleystur 1. nóvember 2017 í stað 1. janúar 2018.

- 3 Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði fyrir héraðsdómi og Landsrétti.
- 4 Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 5 Málsatvikum og málsástæðum aðila er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjandi hóf störf sem endurskoðandi hjá einum forvera Deloitte ehf. á árinu 1983 en fyrir liggur að félagið er að fullu í eigu stefnda, D&T sf. Svo sem gerð er grein fyrir í hinum áfrýjaða dómi varðar sakarefni málsins starfslok áfrýjanda hjá Deloitte-samstæðunni 2017 og fjárhagslegt uppgjör við innlausn á eignarhlut áfrýjanda í stefnda við starfslok. Áfrýjandi sagði upp störfum 1. júlí 2017 og krafðist innlausnar á eignarhluta sínum í stefnda. Ágreiningur var um hvernig standa skyldi að uppgjörinu. Áfrýjandi telur rétt að miða við að um starfslok hans og innlausnarkröfu fari eftir ákvæði 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélög þar sem segir að félagsmaður geti með sex mánaða fyrirvara sagt upp félagsaðild skriflega og krafist innlausnar af félaginu. Svo sem tilkynning Deloitte ehf. og stefnda til áfrýjanda 1. nóvember 2017 ber með sér var af hálfu félaganna ekki krafist vinnuframlags af áfrýjanda eftir 31. október sama ár. Áfrýjanda voru allt að einu greidd laun út uppsagnarfrestinn, eða til og með 31. janúar 2018.

- 6 Í héraðsdómi er gerð grein fyrir þeim samningum sem liggja frammi í málinu. Fyrir Landsrétt voru lagðir tveir samningar sem dagsettir eru 16. september 2005, annars vegar stofnsamningur stefnda og hins vegar sameignarsamkomulag D&T sf. Í stofnsamningnum kemur fram að félagsmönnum er skipt í A-félagsmenn og B-félagsmenn. Nöfn allra félagsmanna eru þar tilgreind, meðal annars nafn áfrýjanda sem A-félagsmanns, og þeir undirrita allir samninginn. Í sameignarsamkomulaginu eru ákvæði um skiptingu hagnaðar milli A-félagsmanna.
- 7 Nýr stofnsamningur D&T sf. var gerður 26. september 2015 en þar er áfrýjanda einnig getið sem A-félagsmanns og undirritar hann samninginn. Er efni helstu ákvæða hans, sem hér skipta máli, lýst í hinum áfrýjaða dómi. Af báðum stofnsamningunum verður ráðið að A-félagsmenn eiga talsvert ríkari réttindi í félaginu en B-félagsmenn þess að því leyti meðal annars að þeir eru eigendur stærri eignarhluta í félaginu og njóta einir atkvæðisréttar á félagsfundum.
- 8 Allir A-félagsmenn stefnda voru fram til 31. maí 2017 aðilar að sérstöku samkomulagi sem gert var 14. nóvember 2013 og felldi úr gildi fyrra sameignarsamkomulag frá 16. september 2005. Aðalatriðum þess er lýst í hinum áfrýjaða dómi, meðal annars ákvæðum um skiptingu hagnaðar milli A-félagsmanna og skilmála um inn- og útgöngu úr félaginu.
- 9 Hluthafafundur var haldinn 30. maí 2017. Í fundargerð kemur fram að auk annarra mála hafi dagskrárefni fundarins verið undirritun hluthafasamkomulags NWE LLP, D&T sf. og A-félagsmanna, atkvæðagreiðsla um samþykktar breytingar á samkomulagi þeirra félagsmanna og undirritun samkomulagsins. Fyrir liggur að 15 af 16 A-félagsmönnum stefnda undirrituðu framangreint hluthafasamkomulag og samþykktu jafnframt breytingar á fyrra samkomulagi A-félagsmanna.
- 10 Þeir þrír samningar, sem gerðir voru í tengslum við þátttöku stefnda í samstarfi við erlend Deloitte-félög og undirritaðir voru 1. júní 2017, liggja frammi í málinu. Um er að ræða samninga sem bera heitin Limited Liability Partnership Agreement of Deloitte NWE LLP, Shareholders Agreement for Deloitte ehf. og Partnership Agreement between the A-members of D&T sf. Er gerð nánari grein fyrir efni þeirra í hinum áfrýjaða dómi. Samningarnir voru lagðir fyrir A-félagsmenn til samþykktar í tengslum við aðild Deloitte á Íslandi að samtökum annarra Deloitte-fyrirtækja á Norðurlöndum, í Bretlandi, Belgíu og Sviss og stofnun sameiginlegs samstarfsvettvangs Deloitte NWE LLP. Allir A-félagsmenn D&T sf. undirrituðu samningana 30. maí 2017 að áfrýjanda frátöldum.

Niðurstaða

- 11 Áfrýjandi sagði upp störfum hjá Deloitte ehf. 1. júlí 2017 og krafðist innlausnar á eignarhlut sínum í stefnda. Ágreiningur máls þessa lýtur að uppgjöri stefnda við áfrýjanda við starfslok hans í nóvember sama ár vegna eignarhlutar áfrýjanda í stefnda. Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi eru báðar aðalkröfur áfrýjanda reistar

á því að gera hafi átt upp við hann í samræmi við ákvæði laga nr. 50/2007. Vísar áfrýjandi til stuðnings fyrri aðalkröfu sinni um innlausnarverð eignarhluta hans í stefnda til ákvæða 1. til 3. mgr. 33. gr. laganna en til 2. mgr. 21. gr. til stuðnings seinni aðalkröfunni um hlutdeild í hagnaði síðasta rekstrarárs fram til 1. janúar 2018. Áfrýjandi setur fram varakröfur vegna beggja aðalkrafna sinna verði ekki fallist á að hann sé óbundinn af þeim samningum sem vísað er til af hálfu stefnda.

- 12 Stefndi byggir sýknukröfu sína aftur á móti á því að áfrýjandi sé bundinn af fyrirmælum samkomulags A-félagsmanna í D&T sf. 14. nóvember 2013 um uppgjör við útgöngu úr félaginu en til vara að hann hafi verið bundinn af nýrri félagssamningi sem tók gildi 1. júní 2017.
- 13 Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/2007 kemur fram að lögin gildi um sameignarfélög, sem skráð eru samkvæmt lögnum, og óskráð sameignarfélög þar sem meiri hluti félagsmanna býr hér á landi, enda sé meginhluti starfsemi félagsins ekki rekinn í öðru landi. Þá kemur fram í 3. gr. að ákvæði III. kafla laganna um stjórnkerfi og réttarstöðu félagsmanna eigi við nema kveðið sé á um annað í félagssamningi en önnur ákvæði laganna séu ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram í þeim. Samningum félagsmanna í stefnda er lýst í héraðsdómi og að nokkru leyti hér að framan, meðal annars samkomulagi allra A-félagsmanna frá 14. nóvember 2013 sem áfrýjandi undirritaði og gekkst undir. Þá er í hinum áfrýjaða dómi lýst samningum þeim sem tóku gildi 1. júní 2017 og allir A-félagsmenn stefnda, að áfrýjanda undanskildum, skrifuðu undir. Í tveimur þeirra eru ákvæði um að við gildistöku þeirra falli niður allir fyrri samningar um sama efni, annars vegar í grein 2.3 í Partnership Agreement between the A-members of D&T sf. og hins vegar í grein 22.1 í Shareholders Agreement for Deloitte ehf. Í báðum samningsákvæðunum er þó sérstaklega tekið fram að hinir nýju samningar komi í stað fyrri samninga milli þeirra sem eru aðilar að nýju samningunum, sbr. orðalag þeirra „between the Parties“.
- 14 Áfrýjandi vísar til þess í greinargerð sinni til Landsréttar að samkomulag A-félagsmanna í stefnda frá 14. nóvember 2013 hafi verið fellt niður með samþykkt hinna nýju samninga áður en áfrýjandi sagði upp starfi sínu. Samkvæmt 12. gr. samkomulagsins þurfi samþykki meira en 4/5 hluta A-félagsmanna til breytinga á því. Með því að þeir allir, nema áfrýjandi, hafi 30. maí 2017 samþykkt og undirritað samninga þar sem meðal annars komi fram að hinir nýju samningar komi í stað fyrri samninga, hafi tilskilinn meiri hluti A-félagsmanna samkvæmt 12. gr. samkomulagsins í raun fellt það úr gildi. Telur áfrýjandi að niðurfelling samkomulagsins sé ein tegund breytinga á því. Af hálfu stefnda er þessum sjónarmiðum áfrýjanda mótmælt bæði sem of seint fram komnum og þar að auki röngum.
- 15 Þótt ekki sé vísað sérstaklega til framangreindra sjónarmiða áfrýjanda í stefnu hans í héraði verður að líta svo á að með framsetningu þeirra í greinargerð hans til Landsréttar hafi hann tekið til andvara gegn þeim málsástæðum stefnda, sem komu

fram bæði í héraði og fyrir Landsrétti, að leggja bæri til grundvallar í málinu margnefnt samkomulag A-félagsmanna í stefnda frá 14. nóvember 2013 en hvorki ákvæði laga nr. 50/2007 né hina nýju samninga frá 2017. Eru því hvorki efni til að líta svo á að sjónarmið áfrýjanda hafi ekki komið fram jafnskjótt og tilefni var til, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, né heldur að um hafi verið að ræða málsástæðu eða mótmæli sem hefðu mátt koma fram en gerðu það ekki við meðferð máls þannig að dómari hafi ekki mátt byggja niðurstöðu sína á þeim, sbr. 2. mgr. 111. gr. sömu laga.

- 16 Á hinn bóginn verður ekki fallist á það með áfrýjanda að í framangreindum samningum frá 2017 hafi falist niðurfelling eldra samkomulags A-félagsmanna í stefnda frá 14. nóvember 2013 í heild, enda eru fyrrnefndir samningar að hluta til milli annarra aðila en eldra samkomulagið. Bera þeir samkvæmt efni sínu þess þannig merki að vera gerðir í tengslum við þátttöku Deloitte-samstæðunnar í samstarfi erlendra Deloitte-félaga. Þá eru þeir samkvæmt efni sínu ekki gerðir til breytinga á fyrra samkomulagi A-félagsmanna í stefnda, auk þess sem áhrif þeirra á það samkomulag eru berum orðum takmörkuð við réttarstöðu aðila að nýju samningunum. Áfrýjandi hefur aftur á móti samþykkt eldra samkomulagið með undirritun sinni og þannig gengist undir skuldbindingar þess, meðal annars um skiptingu hagnaðar, hagnaðarhlutdeild og útgönguverð við starfslok. Er sú niðurstaða í samræmi við meginreglur samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga. Þá undirritaði áfrýjandi ekki nýju samningana og gekkst því ekki undir ákvæði þeirra um réttindi og skyldur félagsmanna stefnda. Er því fallist á þá niðurstöðu hins áfrýjanda dóms að um uppgjör vegna starfsloka áfrýjanda hafi borið að fara eftir fyrirmælum samkomulagsins frá 14. nóvember 2013 þar að lútandi. Jafnframt verður hafnað öllum málsástæðum áfrýjanda um að hann eigi samkvæmt lögum nr. 50/2007, almennum reglum um sameignarfélög eða nýju samningunum betri rétt en þann sem kveðið er á um í samkomulaginu frá 14. nóvember 2013.
- 17 Samkvæmt 3. gr. samkomulags A-félagsmanna D&T sf. frá 14. nóvember 2013 á A-félagsmaður sem selur hlut sinn eða sætir innlausn ekki rétt á hagnaðarhlutdeild vegna þess rekstrarárs þegar salan eða innlausnin á sér stað. Kemur þar jafnframt fram að sala eða innlausn verði talin hafa átt sér stað í þeim mánuði sem A-félagsmaður hætti að skila fullri dagvinnu á dagvinnutíma til samstæðunnar eftir að ákveðið hefur verið að um sölu eða innlausn sé að ræða. Fram er komið að áfrýjandi sagði upp störfum 1. júlí 2017 og að ekki var krafist vinnuframlags af hans hálfu eftir 31. október sama ár, þótt honum hafi verið greidd laun út uppsagnarfrestinn, það er til og með 31. janúar 2018. Óumdeilt er að rekstrarár stefnda telst frá 1. júní ár hvert til 31. maí á næsta ári. Er því ljóst að hvort heldur sem starfslok eru miðuð við 31. janúar 2018 eða 1. nóvember 2017 á áfrýjandi ekki rétt til greiðslu hagnaðarhlutdeildar vegna rekstrarársins 2017/2018, svo sem hann gerir kröfu um í málinu. Að þessu gættu verður fallist á það með héraðsdómi að hafna verði kröfum áfrýjanda um greiðslu hagnaðarhlutdeildar vegna þess rekstrarárs.

- 18 Í málinu liggja frammi gögn um samskipti áfrýjanda við fyrirsvarsmenn Deloitte-samstæðunnar í kjölfar uppsagnar áfrýjanda og við starfslok hans haustið 2017. Af þeim verður ráðið að áfrýjandi var ósáttur við upphaflegar tillögur stefnda að uppgjöri við hann og jafnframt við framkomu fyrirsvarsmanna hans gagnvart sér. Óumdeilt er að áfrýjanda voru fyrst eftir að hann sagði upp störfum greidd laun sem B-félagsmanni í stefnda. Það mun hafa verið leiðrétt síðar og launin gerð upp við áfrýjanda í samræmi við að hann væri A-félagsmaður og hefur því ekki verið mótmælt. Er samskiptunum nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi.
- 19 Að því virtu sem hér að framan er rakið, meðal annars um að áfrýjandi telst bundinn af fyrirmælum samkomulagsins frá 14. nóvember 2013 við uppgjör við starfslok hans, gögnum málsins um samskipti áfrýjanda og stefnda í tengslum við það og jafnframt með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að þessu leyti verður að telja að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á að þær aðstæður hafi verið uppi í þessu máli í aðdraganda eða við starfslok áfrýjanda haustið 2017 að það hafi verið bersýnilega ósanngjarn, andstætt góðri viðskiptavenju eða óheiðarlegt í skilningi 36. og 33. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa að gera upp við áfrýjanda með þeim hætti sem gert var.
- 20 Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi gaf stefndi út tvö skuldabréf til áfrýjanda í samræmi við fyrirmæli samkomulagsins frá 14. nóvember 2013, annars vegar vegna innlausnar á sérgreindum höfuðstól og hins vegar vegna stofnfjárlutar áfrýjanda í stefnda. Ekki verður séð að því hafi verið haldið fram af hálfu áfrýjanda að útreikningar stefnda á eignarhlutdeild áfrýjanda og fjárhæðum skuldabréfanna hafi á einhvern hátt farið í bága við fyrirmæli samkomulagsins. Áfrýjandi hefur aftur á móti í málinu einnig gert varakröfu á hendur stefnda um greiðslur vegna hlutdeildar í fjárfestingarstyrk sem alþjóðafélag Deloitte veitti Deloitte ehf. og vegna hlutdeildar í hagnaði frá fyrri árum sem haldið hefur verið eftir í stefnda í stað þess að greiða hann út til A-félagsmanna.
- 21 Kröfu sína um hlutdeild í framangreindum styrk byggir áfrýjandi á því að hann hafi verið ranglega færður í bókhaldi Deloitte ehf. fyrir reikningsárið 1. júní 2016 til 31. maí 2017 sem langtímaskuld í stað þess að hafa verið færður sem tekjur, sem hafi á grundvelli uppgjörsaðferða Deloitte-samstæðunnar haft áhrif á hagnaðarhlutdeild hans í áfrýjanda vegna þess rekstrarárs. Þannig hafi hann verið hlunnfarinn um rétt sinn til hlutdeildar í styrknum með saknæmum og ólögum hætti auk þess sem aðrir A-félagsmenn hafi auðgast með ólögum hætti. Framangreind krafa áfrýjanda byggir á því að bókhald Deloitte ehf. hafi verið ranglega fært en áfrýjandi hefur hvorki stutt það fullnægjandi rökum eða gögnum að svo hafi verið né hvernig stefndi beri ábyrgð á því. Verður framangreindum þætti kröfugerðar áfrýjanda hafnað þegar af þeim ástæðum.
- 22 Hvað varðar kröfu sína um hlutdeild í hagnaði sem haldið hefur verið eftir í stefnda vegna rekstraráranna 2012/2013 til og með 2016/2017 vísar áfrýjandi til framlagðra

reglna félagsmanna „um hagnaðarskiptingu – einingakerfi“. Reglurnar eru ódagsettar en samkvæmt yfirliti yfir fylgiskjöl með þeim var úthlutun eininga árið 2017 byggð á þessum reglum auk þess sem þar greinir að „[e]iningakerfið byggist í grunninn á því kerfi sem var í gildi á árunum 2005-2016, þó með aðlögunum að kerfum sem eru í gildi hjá Deloitte félögunum á Norðurlöndunum“. Í reglunum er svohljóðandi ákvæði: „Stjórn getur lagt til að greiða ekki út allan hagnað, sem úthlutað er skv. þessum reglum og/eða halda eftir ákveðnu hlutfalli af úttekt allra hluthafa í félaginu sem víkjandi lán. [...] Höfuðstóll lánsins greiðist út þegar hluthafi selur hlut sinn í félaginu, nema stjórn eða meðeigendafundur ákveði að greiða höfuðstólinn fyrir. Tillögur stjórnar um að halda hagnaði eftir í félaginu sem höfuðstól eða arði sem víkjandi láni [svo] verða lagðar fram með hliðsjón af markmiðum stjórnar um eiginfjármyndun hjá félaginu.“ Byggir áfrýjandi á því að hann eigi rétt til hlutdeildar í hagnaði sem haldið var eftir á framangreindum tíma á grundvelli almennra reglna kröfuréttar þar sem ekkert í stofnsamningi stefnda eða samkomulagi A-félagsmanna takmarki þann rétt við útgöngu úr félaginu. Þvert á móti sé í framangreindum reglum kveðið á um að „þessi uppsafnaði höfuðstóll“ greiðist út við útgöngu félagsmanna úr félaginu.

- 23 Samkvæmt efni sínu kveða framangreindar reglur á um að stjórn geti ákveðið annað hvort eða bæði að halda eftir hagnaði í félaginu eða taka víkjandi lán hjá félagsmönnum. Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins að stjórn hafi tekið slíkt lán hjá áfrýjanda. Þá kveða reglurnar einungis á um útgreiðslu lánsins en segja ekkert um hvernig fara skuli með hagnað sem stjórn hefur ákveðið að halda eftir í félaginu vegna markmiða um eiginfjármyndun. Þá vísa reglur samkomulags A-félagsmanna D&T sf. frá 14. nóvember 2013, sem áfrýjandi er sem fyrr greinir bundinn af, ekki til útgreiðslu þeirra fjármuna við útgöngu úr félaginu. Að öllu þessu virtu verður hafnað þeim þætti kröfugerðar áfrýjanda sem byggir á því að hann eigi rétt til hlutdeildar í hagnaði sem haldið hefur verið eftir í stefnda vegna rekstraráranna 2012/2013 til og með 2016/2017.
- 24 Að fengnum framangreindum niðurstöðum verður loks ekki talið að áfrýjandi hafi í málinu sýnt fram á saknæma og ólögmeða háttsemi sem stefndi beri ábyrgð á. Standa því engin rök til þess að taka til greina kröfu áfrýjanda um viðurkenningu á rétti til bóta úr hendi stefnda.
- 25 Með vísan til alls framangreinds verður að hafna öllum málsástæðum áfrýjanda í máli þessu og verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um að sýkna stefnda af öllum kröfum áfrýjanda.
- 26 Ákvæði hins áfrýjanda dóms um greiðslu áfrýjanda á málskostnaði stefnda eru staðfest.
- 27 Áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Landsrétti eins og greinir í dómsorði, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Stefndi, D&T sf., er sýkn af kröfum áfrýjanda, Birkis Leóssonar, í máli þessu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu áfrýjanda á málskostnaði stefnda eru staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 1.000.000 króna í málskostnað fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 20. desember 2019

Mál þetta, sem þingfest var 26. september 2018, var höfðað af Birki Leóssyni, kt. [...], [...], Reykjavík, með stefnu birtri 14. september 2018, á hendur D&T sf., kt. [...], og Deloitte ehf., kt. [...] báðum til heimilis að Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Krafa vegna innlausnar eignarhluta stefnanda í D&T sf.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi D&T sf. greiði sér 135.109.881 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2018 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi D&T sf. greiði sér 14.411.928 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2018 til greiðsludags.

2. Krafa vegna hagnaðarhlutdeildar.

Stefnandi krefst þess aðallega gagnvart stefnda D&T sf. að viðurkenndur verði réttur stefnanda til 1/18 hlutdeildar í hagnaði D&T sf. vegna tímabilsins 1. júní 2017 til 1. janúar 2018.

Til vara krefst stefnandi þess gagnvart stefnda D&T sf. að viðurkenndur verði réttur stefnanda til 1/18 hlutdeildar í hagnaði D&T sf. vegna tímabilsins 1. júní 2017 til 1. nóvember 2017 og að viðurkennd verði bótaskylda stefnda á tjóni stefnanda sem hlaut af því að eignarhlutur hans var innleystur 1. nóvember 2017 í stað 1. janúar 2018.

Til þrautavara krefst stefnandi þess gagnvart stefnda D&T sf. að viðurkenndur verði réttur stefnanda til 235/3975 hlutdeildar í hagnaði D&T sf. reikningsárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018 í réttu hlutfalli við þann tíma sem stefnandi naut réttinda sem eigandi eignarhluta í D&T sf. frá 1. júní 2017 til 1. janúar 2018.

Til þrautþrautavara krefst stefnandi þess gagnvart stefnda D&T sf. að viðurkenndur verði réttur stefnanda til 235/3975 hlutdeildar í hagnaði D&T sf. reikningsárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018 í réttu hlutfalli við þann tíma sem stefnandi naut réttinda sem eigandi eignarhluta í D&T sf. frá 1. júní 2017 til 1. nóvember 2017 og að viðurkennd verði bótaskylda stefnda á tjóni stefnanda sem hlaut af því að eignarhlutur hans var innleystur 1. nóvember 2017 í stað 1. janúar 2018.

Stefnandi krefst þess að stefndi Deloitte ehf. greiði sér 620.739 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 31. janúar 2018 til greiðsludags, allt að frádregnum 561.798 krónum er stefndi greiddi 21. janúar 2019.

Stefndu krefjast þess aðallega að kröfum stefnanda vegna hagnaðarhlutdeildar, það er aðalkröfu, varakröfu, þrautavarakröfu og þrautþrautavarakröfu, verði vísað frá dómi. Til vara krefjast stefndu þess að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara krefjast stefndu þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

Þá er krafist málskostnaðar í öllum tilvikum.

Munnlegur málflutningur vegna frávísunarkröfu stefndu fór fram þann 29. janúar 2019 og var frávísunarkröfunni hafnað með úrskurði þann 7. febrúar sl.

Aðalmeðferð málsins fór fram þann 27. nóvember sl. og var málið dómtekið að henni lokinni.

Málavextir.

Samkvæmt gögnum málsins og framburði stefnanda hóf hann störf hjá einum af forverum Deloitte ehf. árið 1983 og starfaði lengst af sem A-félagsmaður. Einvörðungu fastráðnir starfsmenn samstæðufélagsins

geta verið félagsmenn í D&T sf. Þeir skiptast í A- og B-félagsmenn þar sem A-félagsmenn eru eigendur og hafa meiri réttindi en B-félagsmenn.

Þann 14. nóvember 2013 undirrituðu allir A-félagsmenn D&T sf. samkomulag um samskipti félagsmanna sem komu ekki fram í sameignarfélagssamningi og stofnsamningi félagsins eða ráðningasamningum við A-félagsmenn. Í 1. gr. samningsins segir að stjórn Deloitte ehf. skuli ávallt skipuð sömu mönnum og skipa stjórn félagsins og skuli verkaskipting þeirra vera sú sama hjá báðum félögum. Stjórn félagsins skuli tilnefna fulltrúa félagsins í stjórnir annarra félaga sem félagið eigi hluti í. Gerður skuli sérstakur ráðningarsamningur á milli Deloitte-samstæðunnar og allra starfandi A-félagsmanna um störf þeirra fyrir félagið svo og um réttindi þeirra og skyldur. Ráðningarsamningur sé gerður í nafni Deloitte ehf. eða annarra rekstrarfélaga Deloitte-samstæðunnar sem viðkomandi A-félagsmaður starfi hjá.

Í 2. gr. samningsins, sem er í kafla sem ber heitið „Skipting hagnaðar“, segir: „Rekstrarniðurstöðu ársreiknings skal skipt þannig: 1. Rekstrarniðurstöðu Deloitte ehf., sbr. þó 3. tölul. skal skipt eftir fyrirfram skilgreindu reiknilíkani sem mælir árangur félagsmanna og stjórn leggur fyrir A-félagsmenn til samþykktar á aðalfundi félagsins. Sama á við um aðrar rekstrareiningar sem stofnaðar kunna að vera um sambærilegan rekstur eða ráðgjöf.

2. Annarri rekstrarniðurstöðu móðurfélags skal skipta jafnt á alla A-félagsmenn nema annað verði samþykkt einróma á aðalfundi.

3. Sérgreindir höfuðstólar verða nokkurs konar skuld við A-félagsmenn eða krafa á hendur þeim. Stefnt skal að því að höfuðstólar allra A-félagsmanna séu jafnir. Ef sérgreindir höfuðstólar eru ekki jafnir skal á hverju ári halda eftir 20% af rekstrarniðurstöðu Deloitte ehf. til framtíðargreiðslu slíkra skuldbindinga.

Framkvæmdastjóri reiknar út hagnaðarskiptingu samkvæmt framansögðu og gerir tillögu til stjórnar um útgreiðslu til félagsmanna. Þegar tillagan hefur verið afgreidd af stjórn skal hún lögð fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

Aðalfundir dótturfélaga skulu samþykkja arðgreiðslur frá dótturfélögum til samræmis við framangreint.“

Í 3. gr. segir að hagnaðarhlutdeild nýrra A-félagsmanna skuli fyrst reiknuð á fyrsta heila reikningsári eftir inngöngu. A-félagsmaður sem selur hlut sinn eða sætir innlaun á ekki rétt á hagnaðarhlutdeild vegna þess rekstrarárs sem sala eða innlausnin á sér stað á. Sala eða innlaun er talin hafa átt sér stað í þeim mánuði sem A-félagsmaður hættir að skila fullri dagvinnu í dagvinnutíma til samstæðunnar eftir að ákveðið hefur verið að um sölu eða innlaun sé að ræða. Ekki skal tekið tillit til orlofsinneygna í þessu sambandi. Andist A-félagsmaður skal dánarbúið fá hlutfallslega hagnaðarhlutdeild reikningsársins miðað við andlátsmánuð.

Í 4. gr. segir að stefnt skuli að því að halda ávallt inni í samstæðunni nægilegum uppsöfnuðum hagnaði til að starfsemi hennar geti gengið eðlilega fyrir sig en þó ekki umfram það sem er nauðsynlegt í venjulegum rekstrartilgangi. Í kaflanum sem ber heitið „Inn- og útgönguverð“ segir í 5. gr.: Inn- og útgönguverð í D%T sr. er í formi gegnumstreymiskerfis. Við inngöngu skulu A-félagsmenn greiða 20.000.000 króna en sú fjárhæð skal bundin neysluverðsvísitölu með grunnvísitölu 1. júní 2013. Ef greitt er með skuldabréfi skal það bundið neysluverðsvísitölu og bera 4% fasta vexti. Afborgunartími skuldabréfs skal vera 10 ár.

Í 2. mgr. segir að við breytingu yfir í gegnumstreymiskerfi verði myndaðir sérgreindir höfuðstólar fyrir þá sem voru A-félagsmenn fyrir 31. maí 2013. Fjárhæð sérgreinds höfuðstóls nemur mismun á því útgönguverði sem þeir eiga rétt á skv. reglum sem voru í gildi fyrir 1. júní 2013 og áður nefndu gegnumstreymisverði, 20.000.000 króna, sem þeir leggja til. Sérgreindu höfuðstólarnir skulu vera verðtryggðir og fylgja breytingu neysluverðsvísitölu með grunnvísitölu 1. júní 2013. D&T má greiða niður sérgreindan höfuðstól hvenær sem er fyrir útgöngu. Í 3. mgr. segir að við útgöngu skal greiða út útgönguverð stofnverðs (gegnumstreymisverð) auk sérgreinds höfuðstóls með skuldabréfum sem skulu bundin neysluverðsvísitölu. Vextir af skuldabréfi vegna útgönguverðs skulu vera 4%, en vextir af skuldabréfi vegna uppgjors á sérgreindum höfuðstól skulu vera 5%. Afborgunartími skuldabréfa skal vera 10 ár. Í 4. mgr. segir að skuldabréf gefin út vegna útgöngu skulu vera án persónulegra ábyrgða A-

félagsmanna að því gefnu að möguleikar á afborgun skuldabréfanna verði ekki rýrðir með því að skipulagi D&T samstæðunnar verði breytt.

Í kaflanum „Breytingar á eignaraðild“ segir í 6. gr.: Samkvæmt 4. gr. stofnsamnings D&T sf. geta þeir einir orðið A-félagsmenn sem eru fastráðnir starfsmenn Deloitte-samstæðunnar. Um það hvernig þeir eignast hlut í félaginu gilda eftirfarandi reglur: 1. Nýr A-félagsmaður skal því aðeins tekinn inn í félagið að hann sé samþykktur af a.m.k. 4/5 hluta atkvæða á A-félagsmannafundi. 2. Við það skal miðað að allir A-félagsmenn eigi jafnan hlut í félaginu. Í 7. gr. samningsins segir að hætti A-félagsmaður störfum hjá félaginu skuldbindur hann sig til að selja félaginu eignarhlut sinn við starfslok og er félaginu skylt að kaupa og greiða skv. ákvæðum 5. gr. A-félagsmaður skal selja eignarhlut sinn og innleysa hagnaðarhlutdeild sína í síðasta lagi við lok þess reikningsárs sem hann nær 62 ára aldri. Skyldur A-félagsmanna um sölu eignarhluta sinna samkvæmt þessari grein skulu jafnframt gilda gagnvart þeim sem kunna að eignast eignarhlut fyrir arfleiðslu eða búskipi.

Í 8. gr. segir að A-félagsmanni í félaginu sé skylt að þola innlausn eignarhluta síns ef Deloitte-samstæðan hefur sagt upp ráðningarsamningi hans. Sé A-félagsmaður ósáttur við ákvörðun innlausnar skv. þessari grein á hann rétt á að kallaður verði saman A-félagsmannafundur innan 14 daga frá tilkynningu þar um til að fjalla um málið. Til að innlausnin verði gild skulu a.m.k. $\frac{3}{4}$ hlutar greiddra atkvæða á A-félagsmannafundinum vera henni samþykkir.

Í 9. gr. samningsins segir m.a. að A-félagsmaður sem hættir hjá Deloitte-samstæðunni og/eða selur eignarhlut sinn skuli ávallt leitast við að tryggja áframhaldandi viðskipti viðskiptavina hjá samstæðunni sem frekast er kostur, s.s. að yfirfæra umsjón verkefna tímanlega yfir á aðra A-félagsmenn og koma á góðum kynnum viðskiptavina við nýja umsjónarmenn verkefna. Fari viðskiptamenn frá félaginu vegna starfsloka A-félagsmanns eða vegna innlausnar félagsins á hlut hans skal A-félagsmaður bæta félaginu það í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir: Viðskiptamaður telst hafa farið frá félaginu vegna starfsloka A-félagsmanna sé viðskiptum hans við samstæðuna hætt innan eins árs frá því að hann hætti störfum hjá félaginu, enda verði viðskiptaslitin rakin til aðgerða eða aðgerðarleysis A-félagsmanns. Þetta á þó ekki við ef A-félagsmaður fellur frá, verður að láta af störfum sökum alvarlegra veikinda eða sýnir fram á að hann hafi gert það sem í hans valdi stóð til að halda viðskiptunum hjá félaginu. Greiðslur skv. þessu ákvæði skulu vera 40% af veltu þeirra verkefna síðastliðið reikningsár sem þannig fóru frá samstæðunni. Greiðslur skv. þessari grein er heimilt að draga frá kaupverði eignarhluta, kröfu á samstæðuna og óuppgerðum höfuðstól.

Í 2. mgr. segir að hætti meðeigandi störfum hjá félaginu megi hann ekki í 3 ár frá þeim tíma stunda endurskoðunar- eða ráðgjafastörf, hvorki í eigin nafni né óbeint sem meðlimur eða starfsmaður í öðru samkeppnisfyrirtæki, né fyrir þá sem voru viðskiptavinir Deloitte ehf. á þeim tíma sem hann hætti. Honum er þó heimilt að ráða sig til starfa sem launþegi hjá viðskiptavinum, leggi hann sig fram um að halda góðum tengslum við félagið og stuðli að því að vinna félagsins fyrir viðskiptavininn minnki ekki.

Í 3. mgr. segir að ef meðeigandi hættir störfum hjá félaginu en heldur áfram störfum á sama sviði og tekur með sér viðskiptamenn frá félaginu, skal hann greiða félaginu fjárhæð er nemur meðaltali af ársþóknun þriggja síðustu ára fyrir þau verkefni. Deloitte ehf. hefur rétt á að láta slíkar greiðslur ganga upp í greiðslur fyrir kaupverð eignarhlutans eða óuppgerða hagnaðarhlutdeild.

Í 12. gr. samningsins segir að samkomulagi þessu verði því aðeins breytt að breytingar hljóti samþykki 4/5 hluta atkvæða á A-félagsmannafundi í félaginu. Í 13. gr. segir að samkomulagið taki gildi þann 1. júní 2011 og fellur þá jafnframt úr gildi eldra samkomulag A-félagsmanna frá 16. september 2005. Samkomulagi þessu var breytt á A-félagsmannafundi 14. nóvember 2013.

Ekkert liggur fyrir í málinu um að þessu samkomulagi hafi verið breytt síðan 14. nóvember 2013. Undir þetta samkomulag rituðu eigin hendi A-félagsmenn, þar á meðal stefnandi.

Þann 26. september 2015 undirrituðu A-félagsmenn stofnsamning fyrir D&T sf. Í 4. gr. stofnsamningsins segir að félagsmenn í D&T sf. geti þeir einir verið sem séu fastráðnir starfsmenn samstæðufélagsins samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi sem gerður sé við félagsmenn. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að láti félagmaður af störfum hjá samstæðunni skuldbindi hann sig til að selja félaginu eignarhlut sinn er hann hættir störfum og sé félaginu skylt að kaupa nema seljandi samþykki annað og slík

frestun hljóti einróma samþykki allra A-félagsmanna. Eru A-félagsmenn talir upp í 3. mgr. ákvæðisins og er stefnandi einn þeirra.

Þann 30. maí 2017 var haldinn hluthafafundur í Deloitte. Er bókað að allir eigendur séu mættir á fundinn. Á dagskrá fundarins var að undirrita hluthafasamkomulag NWE LLP, D&T sf. og A-félagsmanna. Þá var atkvæðagreiðsla um samþykktar breytingar á samkomulagi A-félagsmanna og undirritun samkomulagsins. Var hluthafasamkomulag NWE LLP, D&T sf. og A-félagsmanna undirritað á fundinum. Þá er bókað að stjórn félagsins hafi fengið umboð til breytinga á samkomulagi A-félagsmanna á eigendafundi 3. október. Voru breytingarnar samþykktar með 15 atkvæðum af 16. Undir hluthafasamkomulagið ritaði stefnandi ekki. Undir liðnum önnur mál kemur fram að stefnandi hafi lýst yfir óánægju með afgreiðslu eins liðar í samkomulagi hluthafa, um skyldu til að halda eftir hagnaði í félaginu. Þá kemur fram að stefnandi hafi lagt fram nokkrar tillögur sem náðu ekki fram að ganga.

Rót ágreinings stefnanda og stefnda er ákvörðun D&T sf. að sækja um aðild að alþjóðlegu félagi Deloitte sem stofnað var fyrir Norðvestur-Evrópu.

Á fundinum 30. maí neitaði stefnandi að skrifa undir löggerningana sem voru samþykktir á fundinum. Í kjölfar þessa verður ágreiningur um stöðu stefnanda.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að stefnandi hafi átt fund með forstjóra og stjórnarformanni Deloitte-samstæðunnar 2. júní 2017 þar sem skýrt hafi komið fram að stefnandi gæti ekki verið A-félagismaður í D&T sf. lengur. Þess í stað hafi stefnanda verið boðnir þrír kostir, þ.e. að hætta störfum, starfa áfram sem B-félagismaður eða án eignaraðildar. Stefnandi kveðst hafa tekið sér umhugsunarfrest en lagt áherslu á að kjör hans yrðu óbreytt. Skömmu síðar hafi fundargerð hluthafafundarins 30. maí 2017 verið gerð aðgengileg á innri vef stefndu. Eftir að stefnandi hafi kynnt sér hana hafi hann sent tölvupóst 16. júní 2017 á stjórn og A-félagsmenn þar sem meðal annars voru gerðar athugasemdir við fundargerðina, framkvæmd fundarins og þá samninga sem samþykkt var að undirrita. Síðar hafi stefnandi komist að því að honum hafi ekki verið úthlutaðar einingar fyrir reikningsárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018.

Forstjóri stefnda D&T sf. sendi stefnanda tölvupóst 29. júní 2017 þar sem fram kemur að útbúin hafi verið skuldabréf vegna sérgreinds höfuðstóls og innlausnar á eignarhlut stefnanda. Í tölvupóstinum er jafnframt tekið fram að miðað skuli við að stefnandi verði B-félagismaður. Stefnandi svaraði tölvupóstinum daginn eftir og taldi að rangt væri haft eftir sér að hann hafi hallast að því að verða B-félagismaður og þá hafi hann ekki samþykkt að útbúin yrðu útgönguskuldabréf.

Stefnandi sendi 1. júlí sama ár tölvupóst á A-félagsmenn þar sem hann tilkynnti um innlausn eignarhluta síns í D&T sf. og uppsögn sína frá störfum hjá Deloitte ehf. á grundvelli 1. mgr. 17. gr. ráðningarsamnings, dags. 29. ágúst 2009. Stefnandi kveður að á fundi 16. október 2017 hafi honum verið tilkynnt að ekki væri óskað eftir vinnuframlagi hans eftir 31. október sama ár. Í lok fundarins hafi honum verið afhent skjal með yfirskriftinni „samkomulag um starfslok og innlausn eignarhluta í D&T sf.“

Stefnandi hafnaði tillögu stefnda að starfslokum og ágreiningur er um á hvaða grundvelli eigi að gera upp við stefnanda. Stefnandi kveður að um stöðu hans gildi engir samningar þar sem eldra samkomulag A-félagsmanna sé fallið úr gildi og hann sé ekki aðili að því nýja. Þannig eigi lög um sameignarfélag nr. 50/2007 að gilda um uppgjör við stefnanda. Stefnandi telur að miða eigi innlausn stefnanda við eldra samkomulag A-félagsmanna.

Að lokum er ágreiningur um uppgjör Deloitte ehf. við stefnanda vegna orlofs stefnanda á hluta launakjara hans undir heitinu „bifreiðastyrkur.“

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í málinu setur stefnandi fram þrjár sjálfstæðar aðalkröfur; tvær á hendur D&T sf. vegna réttinda stefnanda sem eiganda eignarhluta í félaginu og innlausnar á þeim hlut og eina á hendur Deloitte ehf. vegna vangreidds orlofs við starfslok.

Fyrsta aðalkrafa stefnanda er fjárkrafa á hendur D&T sf. sem byggist á því að hann eigi rétt á að innlausnarverð eignarhlutar hans í D&T sf. verði ákveðið í samræmi við 1.-3. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007.

Önnur aðalkrafa stefnanda er einnig á hendur D&T sf. og byggist á því að hann eigi, samkvæmt almennum reglum um sameignarfélag, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2007, rétt á hlutdeild í hagnaði síðasta rekstrarárs fram að þeim tíma sem hlutur hans var með réttu innleystur 1. janúar 2018.

Bæði fyrsta og önnur aðalkrafan byggjast á því að stefnandi hafi verið óbundinn af bæði eldra samkomulagi A-félagsmanna í D&T sf. frá 14. nóvember 2013 og nýju samningunum. Því fari um innlausnarverð eignarhlutar stefnanda og rétt hans til hagnaðarhlutdeildar síðasta rekstrarárs eftir lögum um sameignarfélög.

Í tengslum við fyrstu aðalkröfuna setur stefnandi fram varakröfu ef ekki skyldi vera fallist á að stefnandi eigi rétt á innlausnarverði samkvæmt lögum nr. 50/2007, sem gæti að mati stefnanda eingöngu grundvallast á því að hann hafi verið bundinn við annaðhvort eldra samkomulag A-félagsmanna í D&T sf. frá 14. nóvember 2013 eða nýju samningana. Í því tilviki byggir stefnandi annars vegar á því að hann eigi rétt til hlutdeildar í þeim höfuðstól hjá D&T sf. sem myndast hefur vegna eftirstæðs hagnaðar sem haldið hefur verið eftir í félaginu vegna rekstraráranna 2012/2013, 2013/2014, 2014/2015, 2015/2016 og 2016/2017.

Hins vegar byggir stefnandi á því að hann eigi rétt til 1/17 hlutdeildar í styrk sem Deloitte ehf., dótturfélag í 100% eigu D&T sf., fékk greiddan í mars 2017 frá alþjóðafyrirtæki Deloitte í gegnum Deloitte Nordic. Mynda þessar kröfur saman höfuðstól varakröfunnar.

Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt á síðastgreindu óháð því hvort hann sé bundinn samkvæmt annaðhvort eldra samkomulaginu frá 14. nóvember 2013 eða nýju samningunum. Kröfurnar sem mynda varakröfuna séu í raun hluti af því innlausnarverði sem krafist er í fyrri aðalkröfunni, en eru settar fram til vara ef ekki skyldi verða fallist á að stefnandi eigi rétt á innlausnarverði samkvæmt aðalkröfu. Á stefnandi þá engu að síður rétt til þess sem krafist er í varakröfu.

Í tengslum við aðra aðalkröfuna um rétt til hagnaðarhlutdeildar setur stefnandi fram varakröfu ef talið verður að eignarhlutur stefnanda í D&T sf. hafi sannarlega verið innleystur 1. nóvember 2017, en í því tilviki byggir stefnandi á að innlausnin 1. nóvember 2017 hafi verið sagnæm og ólögmat og valdið stefnanda tjóni.

Í tengslum við aðra aðalkröfu setur stefnandi fram, auk varakröfunnar sem vikið er að í mgr. 22 í stefnu, þrautavarakröfu og þrautþrautavarakröfu ef ekki skyldi verða fallist á að stefnandi eigi rétt á hagnaðarhlutdeild samkvæmt lögum nr. 50/2007, sem gæti að mati stefnanda eingöngu grundvallast á því að hann hafi verið bundinn við annaðhvort eldra samkomulag A-félagsmanna í D&T sf. frá 14. nóvember 2013 eða nýju samningana. Í því tilfalli byggir stefnandi á að hann geti ekki átt lakari rétt til hagnaðarhlutdeildar síðasta rekstrarárið en aðrir félagsmenn samkvæmt nýju samningunum.

Þrautþrautavarakrafan er sett fram ef talið verður að eignarhlutur stefnanda í D&T sf. hafi sannarlega verið innleystur 1. nóvember 2017, en í því tilviki byggir stefnandi á að innlausnin 1. nóvember 2017 hafi verið sagnæm og ólögmat og valdið stefnanda tjóni.

Þriðja aðalkrafa stefnanda er á hendur Deloitte ehf. vegna vangreidds orlofs við starfslok af þeim hluta launa sem greiddur var í formi fasts mánaðarlegs bifreiðastyrks. Krafan er þannig á vissan hátt ótengd öðrum kröfum en leiðir þó af starfslokum stefnanda hjá Deloitte-samstæðunni líkt og aðrar kröfur.

Stefnandi byggir fyrri aðalkröfu sína, um að stefndi D&T sf. greiði sér kr. 135.109.881 með dráttarvöxtum, á því að innlausnarverð eignarhlutar stefnanda í D&T sf. skuli ákveðið eftir 1.-3. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélög, en ekki eftir ákvæðum þeirra samninga sem gerðir hafi verið meðal félagsmanna D&T sf., enda telur stefnandi þá ekki gilda um innlausn á eignarhlut sínum.

Eins og áður hafi komið fram hafi allir A-félagsmenn D&T sf. fram til 31. maí 2017 verið aðilar að sérstöku samkomulagi þeirra á milli, dags. 14. nóvember 2013. Engir aðrir hafi verið aðilar að því samkomulagi. Í 5. gr. samkomulagsins hafi m.a. verið ákvæði um svonefnt útgönguverð sem skyldi gilda um eignarhlut A-félagsmanna við útgöngu þeirra úr félaginu. Í bréfum forstjóra Deloitte ehf. og D&T sf. 1. og 2. nóvember 2017 sagði að D&T sf. hefði „í samræmi við reglur félagsins“ gefið út tvö nánar tiltekin skuldabréf vegna greiðslu fyrir höfuðstól stefnanda í félaginu. Í bréfunum hafi ekki verið vísað til þess á grundvelli hvaða reglna félagsins innlausnin sé byggð þótt fullt tilefni hafi verið til.

Stefnandi telur ljóst að samkomulagið frá 14. nóvember 2013 hafi fallið úr gildi þegar gerðir voru nýir samningar milli allra A-félagsmanna utan stefnanda sem tóku gildi 1. júní 2017, sbr. kafla 22 í hluthafasamkomulaginu og grein 2.3 í eigendasamningnum. Um þetta geti varla verið deilt.

Stefnandi sé ekki aðili að nýju samningunum. Stefnandi hafi ekki undirritað þá og telur að aðild hans að þeim verði ekki grundvöllur á 12 gr. samkomulagsins frá 14. nóvember 2013, enda augljóslega ekki um breytingu á því samkomulagi að ræða, heldur algjörlega nýja samninga sem sjáist hvað best á því að í nýju samningunum séu tveir samningsaðilar sem ekki hafi verið aðilar að hinu eldra samkomulagi, þ. á m. sameignarfélag í Bretlandi. Þá hafi verið gert ráð fyrir því að félagsmenn D&T sf. þyrftu að gerast félagsmenn í síðastnefndu félagi og taka á sig skuldbindingar sem því fylgdi. Enn fremur þyrftu þeir A-félagsmenn sem voru löggiltir endurskoðendur, líkt og stefnandi, að gerast aðilar að félagi endurskoðenda í Englandi og Wales („Institute of Chartered Accountants in England and Wales“ eða „ICAEW“) til að geta orðið aðilar að nýju samningunum. Þannig feli nýju samningarnir í sér algjörar grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi og málefnum samningsaðila sem stefnandi verði ekki látinn lúta án hans samþykkis.

Þá byggir stefnandi enn fremur á því að stefndu hafi viðurkennt í verki að stefnandi hafi ekki orðið aðili að hinum nýju samningum. Annars vegar með því að ætla sér að innleysa eignarhlut stefnanda innan þess sex mánaða frests sem kveðið sé á um í greinum 6.18-6.19 í hluthafasamkomulaginu. Hins vegar með því að greiða stefnanda ekki hagnaðarhlutdeild vegna þess rekstrarárs sem innlausnin átti sér stað, þvert á skýlaust orðalag gr. 19.2, sbr. gr. 12.1, í NWE-samningnum, sbr. einnig grein 5.3 í hluthafasamkomulaginu (sem vísar til ákvæða NWE-samningsins).

Frá því að nýju samningarnir tóku gildi 1. júní 2017 hafi stefnandi ekki verið aðili að neinum samningum varðandi Deloitte ehf. eða D&T sf. öðrum en ráðningarsamningi við Deloitte ehf. og stofnsamningi D&T sf. Í þessum samningum séu engin ákvæði um innlausn á eignarhlutum í D&T sf. Stefnandi byggir á því að um innlausn og innlausnarverð hljóti því að fara eftir 1.-3. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007.

Beiðni stefnanda 1. júlí 2017 um innlausn eignarhluta í D&T sf. hafi verið skrifleg í samræmi við ákvæði laga um sameignarfélög og stofnsamnings D&T sf. og hafi stjórn borið að svara henni án tafar. Skýrt komi fram í 23. grein stofnsamnings að hafi samþykki stjórnar eigi borist innan tveggja mánaða skuli litið svo á að samþykki hafi verið veitt. Engin viðbrögð hafi borist frá stjórn og telur stefnandi að stjórn D&T sf. hafi þar með veitt samþykki sitt fyrir þeirri innlausn sem hann fór fram á eftir 1.-3. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007.

Eignarhlutur stefnanda sé varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar og því hefði þurft að liggja fyrir ótvíræður samningur til að takmarka rétt stefnanda samkvæmt lögum nr. 50/2007 öðrum meðeigendum til hagsbóta. Líkt og fyrr segi byggir stefnandi á að 5. gr. samkomulags A-félagsmanna frá 14. nóvember 2013 um útgönguverð hafi ekki gilt um stefnanda og byggir stefnandi á því að stefndi D&T sf. verði að bera hallann af öllum vafa um það hvaða samningar, ef einhverjir, fyrir utan stofnsamning D&T sf., hafi gilt milli stefnanda og annarra meðeigenda.

Verði talið að annaðhvort samkomulagið frá 14. nóvember 2013 eða nýju samningarnir hafi gilt um stefnanda byggir hann á því að þeir séu óskuldbindandi fyrir hann á grundvelli ógildingarreglna samningaréttar. Stefnandi byggir á því að hann verði ekki einn félagsmanna látinn lúta eldra samkomulaginu frá 14. nóvember 2013 og ljóst að allar forsendur þess samkomulags, sem allt bendi til að sé fallið úr gildi, séu brostnar. Þá væri bersýnilega ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju, sbr. 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, af félagsmönnum að áskilja sér aukinn rétt í félaginu með hinum nýju samningum, t.a.m. til hagnaðarhlutdeildar, á kostnað stefnanda, en ætlast jafnframt til þess að hann stæði við meiri íþyngjandi skuldbindingar samkvæmt eldra samkomulaginu. Þetta eigi sérstaklega við þar sem stefnandi hafi enn borið beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins ásamt öðrum félagsmönnum.

Að sama skapi bresti allar forsendur fyrir aðild stefnanda að nýju samningunum sem gjörbreyta grundvelli félagssamstarfsins með aðkomu breska sameignarfélagsins og krefjist m.a. aðildar stefnanda að því félagi ásamt aðild að félagi endurskoðenda í Englandi og Wales (ICAEW). Af sömu ástæðum væri jafnframt ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju, sbr. 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, af hálfu annarra félagsmanna að bera fyrir sig hinn gjörbreytta félagssamning gagnvart stefnanda.

Með vísan til alls framangreinds byggir stefnandi á að innlausnarverð eignarhluta hans skuli ákveðið í samræmi við 1.-3. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007.

Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007 sé innlausnarverð eignarhluta í sameignarfélagi ákveðið á grundvelli verðmætis félagsins við innlausn. Við mat á eignum félagsins skuli taka tillit til þess hvort félagið haldi starfsemi áfram. Gera skuli upp höfuðstólsreikninga félagsmanna samkvæmt síðasta ársreikningi að teknu tilliti til síðari framlaga þeirra og úttekta úr félaginu og skuli niðurstaðan færð sem eign eða skuld félagsins. Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. skuli eigið fé félagsins skv. 1. mgr. skipt milli félagsmanna eftir sömu reglu og gildi um skiptingu hagnaðar og taps skv. 21. gr. Þá segi í 3. mgr. 33. gr. að hlutdeild félagsmanna í eigin fé félagsins leggist við eða dragist frá höfuðstólsreikningum þeirra miðað við efnahagsstöðu í síðasta ársreikningi eftir að höfuðstólsreikningarnir hafi verið leiðréttir miðað við framlög þeirra til félagsins og úthlutun fjármuna úr félaginu. Ef í ljós komi að höfuðstólsreikningur þess er gengur út úr félaginu sé jákvæður teljist það hans eign.

Stefnandi telur ljóst að við mat á eignum D&T sf. skuli miða við að félagið haldi starfsemi áfram, sbr. 2. másl. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007. Telur stefnandi að verðmæti D&T sf. á innlausnartíma í skilningi 1. mgr. 33. gr. hafi verið kr. 3.220.827.385 fyrir frádráttarliði skv. lögum nr. 50/2007 og byggir það á eftirfarandi forsendum: Bókfært eigið fé stefnda D&T sf. samkvæmt síðasta ársreikningi, rekstrarárið 2016/2017, var 291.181.071 króna. Þá sé bókfært bókfært verð eignarhluta D&T sf. í 100% dótturfélagi sínu Deloitte ehf. samkvæmt síðasta ársreikningi, 500.695.107 krónur. Þess í stað sé bætt við raunvirði eignarhluta D&T sf. í Deloitte ehf., 3.430.341.421 króna (samtala af liðum a-d hér á eftir kr. 500.695.107 – kr. 328.822.486 + 3.191.000.000 + kr. 67.468.800). Bókfært eigið fé í Deloitte ehf. 31. maí 2017 samkvæmt ársreikningi hafi verið 500.695.107 krónur. Dregið sé frá bókfært verð viðskiptavildar Deloitte ehf. samkvæmt ársreikningnum, 328.822.486 krónur. Bætt sé við matsverði Deloitte ehf. á eigin viðskiptavild miðað við 31. maí 2016, 3.191.000.000 krónur, sbr. minnisblað til endurskoðanda D&T sf. og Deloitte ehf. Stjórnendur D&T sf. og Deloitte ehf. hafi sjálfir metið að virði viðskiptavildar félaganna hinn 31. maí 2016 hafi verið 3.191.000.000 króna og miði þá við varfærið mat líkt og segi í áðurnefndu minnisblaði. Stefnandi telji ljóst að virði viðskiptavildarinnar hafi ekki verið minna hinn 31. maí 2017 og sé skorað á stefndu að sanna hið gagnstæða telji þeir svo vera.

Þá sé bækfærð langtímaskuld vegna styrks frá alþjóðafélagi Deloitte að fjárhæð 84.336.000 krónur, að frádreginni 20% skattskuldbindingu að fjárhæð 16.867.200 krónur, samtals 67.468.800 krónur. Stefnandi telur ljóst að ekki hafi verið um skuld að ræða heldur styrk og því hafi átt að tekjufæra styrkinn í bókum félagsins.

Með vísan til 2. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991 sé skorað á stefndu að leggja fram gögn til stuðnings því að um lánskuldbindingu hafi verið að ræða, við hvern skuldin sé og hvenær hún eigi að koma til endurgreiðslu. Verði stefndu ekki við framangreindu byggir stefnandi á því að ekki hafi verið um lánskuldbindingu að ræða.

Verðmæti D&T sf. á innlausnartíma hafi því verið 3.220.827.385 krónur (samtalan af liðum 1-3 að framan; kr. 291.181.071 – kr. 500.695.107 + kr. 3.430.341.421). Frá verðmæti D&T sf. séu dregnir eftirfarandi liðir, sbr. 3. másl. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007:

Eignarhlutir B-félagsmanna, samtals kr. 1.100.000 (11 x kr. 100.000).

Sérgreindir höfuðstólar A-félagsmanna, samtals 367.226.000 krónur. Sérgreindur höfuðstóll stefnanda 31. maí 2017 sé meðtalinn sem „skuld“ félagsins en hann hafi verið greiddur seinna með skuldabréfi og sé það ágreiningslaust.

Samþykkt úthlutun af höfuðstól til félagsmanna í september 2017 vegna rekstrarársins 2016/2017 sé samtals 190.354.403 krónur. Stefnandi hafi, nú eins og aðrir félagsmenn, fengið sinn hlut í þessari höfuðstólsúthlutun greiddan og sé það ágreiningslaust.

Frádráttarliðir nemi þannig samtals 558.680.403 krónum. Raunvirði D&T sf. á innlausnartíma að teknu tilliti til frádráttarliða hafi því verið 2.662.146.982 krónur (3.220.827.385 - 558.680.403).

Eignarhlutur stefnanda í D&T sf. og hlutdeild hans í eigin fé félagsins hafi því svarað til 1/17 hluta eða 500.000 króna af alls 8.500.000 krónum í stofnfé. Hlutdeild stefnanda í eigin fé D&T sf. samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007 hafi því verið 156.596.881 króna. Frá því dragist, sem stefnandi hefur þegar fengið greitt með skuldabréfi, 21.487.000 krónur sem stefnandi móttók með fyrirvara. Samtals

séu því ógreiddar 135.109.881 króna (kr. 156.596.881 – kr. 21.487.000) vegna innlausnar á eignarhlut stefnanda og sé það fjárhæð fyrri aðalkröfu hans.

Verði gerður ágreiningur um forsendur verðmatsins áskilur stefnandi sér rétt til að óska eftir mati dómkvadds matsmanns til að meta raunvirði D&T sf. á innlausnartíma. Verði niðurstöður slíks mats að raunvirði D&T sf. sé hærra en samkvæmt framangreindu verðmati áskilur stefnandi sér rétt til að framhaldsstefna fyrir þeirri fjárhæð sem sé umfram framangreint verðmat. Þá vekur stefnandi athygli á því að fyrir Héraðsdómi Reykjaness sé rekið mál Ágústs Heimis Ólafssonar, fyrrverandi félagsmanns í D&T sf., gegn m.a. D&T sf., Deloitte ehf. og fjölda félagsmanna D&T sf. (mál nr. E-767-2017). Niðurstaða þess máls kundi að hafa áhrif á framangreint verðmat og áskilur stefnandi sér rétt til að leggja fram nýtt verðmat að teknu tilliti til þeirrar niðurstöðu.

Stefnandi setur fram varakröfu að fjárhæð 14.411.928 krónur verði ekki fallist á að stefnandi eigi rétt á innlausnarverði samkvæmt 1.-3. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007. Varakrafan samanstendur af annars vegar kröfu að fjárhæð samtals 10.443.175 krónur vegna réttar stefnanda til hlutdeildar í þeim eftirstæða hagnaði sem haldið hafi verið eftir í D&T sf. vegna rekstraráranna 2012/2013, 2013/2014, 2014/2015, 2015/2016 og 2016/2017. Hins vegar kröfu að fjárhæð 3.968.753 krónur vegna réttar hans til 1/17 hlutdeildar í 84.336.000 króna styrk sem Deloitte ehf., dótturfélag í 100% eigu D&T sf., hafi fengið greiddan í mars 2017 frá alþjóðafyrirtæki Deloitte í gegnum Deloitte Nordic, eftir að tekið hefur verið tillit til 20% tekjuskattsskuldbindingar vegna styrksins.

Krafa vegna réttar til hlutdeildar í hagnaði D&T sf. sem haldið hefur verið eftir í félaginu.

Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt á greiðslu að fjárhæð 10.443.175 krónur vegna réttar hans til hlutdeildar í þeim höfuðstól hjá D&T sf. sem myndast hafi vegna eftirstæðs hagnaðar sem haldið hafi verið eftir í félaginu vegna rekstraráranna 2012/2013, 2013/2014, 2014/2015, 2015/2016 og 2016/2017.

Um úthlutun og skiptingu hagnaðar félagsmanna D&T sf. hafi svonefndar „reglur um hagnaðarskiptingu – einingakerfi“ gilt. Á bls. 8 í reglunum sé að finna ákvæði með yfirskriftinni „Hagnaði haldið eftir í félaginu – víkjandi lán“ þar sem segir að stjórn félagsins gæti lagt til að greiða ekki út allan hagnað sem úthlutað væri samkvæmt reglunum og/eða haldið eftir „ákveðnu hlutfalli af úttekt allra hluthafa í félaginu sem víkjandi lán“. Þá segi í ákvæðinu: „Höfuðstóll lánsins greiðist út þegar hluthafi selur hlut sinn í félaginu, nema stjórn eða meðeigendafundur ákveði að greiða höfuðstólinn fyrr“.

Framangreind heimild hafi verið nýtt rekstrarárin 2012/2013, 2013/2014, 2014/2015, 2015/2016 og 2016/2017. Fyrirkomulagið við útgreiðslu hagnaðar í D&T sf. hafi verið þannig að hagnaður vegna rekstrarárs skyldi koma til útgreiðslu rekstrarárið á eftir (þ.e. útgreiðsla hagnaðar vegna rekstrarársins 2012/2013 fór fram rekstrarárið 2013/2014 o.s.frv.). Þegar kom að útgreiðslu af höfuðstól til eigenda vegna framangreindra rekstrarára hafi hagnaði verið haldið í félaginu, sbr. eftirfarandi töflu sem byggist á ársreikningum D&T sf. vegna viðkomandi rekstrarára:

Rekstrarár	Hagnaður (kr.)	Útgreiðsla næsta rekstrarár (kr.)	Hagnaði haldið eftir í D&T sf.	Fjöldi eigenda	Hlutdeild Eigenda (kr.)
2012/2013	286.871.816	230.740.863	56.130.953	22	2.551.407
2013/2014	140.879.628	108.038.012*	32.841.616	22	1.492.801
2014/2015	277.326.155	212.397.813	64.928.342	22	2.951.288
2015/2016	264.137.027	216.570.456	47.566.571	21	2.265.075

Heildargreiðsla til eigenda vegna rekstrarárs 2013/2014 hafi verið að fjárhæð 117.538.012 krónur, en hluti af þeirri greiðslu hafi verið greiðsla að fjárhæð 9.500.000 krónur á eldri sérstökum höfuðstól sumra eigenda sem þeir hafi átt inni frá árinu 2008. Hún kom hagnaði seinni ára ekki við og hafi því verið bakfærð í töflunni.

Varðandi rekstrarárið 2016/2017 þá liggi fyrir að hagnaður D&T sf. vegna þess árs hafi verið 173.922.840 krónur. Þá þurfti í samræmi við nýbreytt lög um ársreikninga að færa í bókhald félagsins

niðurfærslu viðskiptavildar að fjárhæð 36.535.832 krónur sem gjöld án þess þó að viðskiptavild væri að minnka og án þess að færslan hefði nokkur áhrif á fjárhag eða fjárhagsstöðu félagsins.

Í september 2017 hafi verið samþykkt að greiða samtals 190.354.403 krónur út til félagsmanna vegna afkomu rekstrarársins 2016/2017, þar af 170.354.403 krónur til A-félagsmanna og að hámarki 20.000.000 króna til B-félagsmanna. Þar sem útgreiðsla hafi miðað við hagnað án tillits til áðurnefndrar niðurfærslu sé ljóst að 20.104.269 krónum (kr. 173.922.840 + kr. 36.535.832 – kr. 190.354.403) hafi verið haldið eftir í félaginu sem eftirstæðum hagnaði vegna rekstrarársins 2016/2017. A-félagsmenn hafi verið 17 í mars 2017 og því sé hlutdeild hvers þeirra í eftirstæðum hagnaði þess árs 1.182.604 krónur.

Ekki liggi fyrir hvort eða hvaða fjárhæð verði haldið eftir í félaginu vegna rekstrarársins 2017/2018, en stefnandi telur það ekki hafa þýðingu.

Síðari aðalkrafa stefnanda tekur til viðurkenningar á rétti til hlutdeildar í öllum hagnaði vegna rekstrarársins 2017/2018. Varakrafa stefnanda vegna hlutdeildar í eftirstæðum hagnaði tekur þannig ekki til rekstrarársins 2017/2018, heldur er krafa vegna slíks eftirstæðs hagnaðar, ef einhver verður, hluti af síðari aðalkröfunni.

Stefnandi byggir á því að hann eigi samkvæmt almennum reglum um sameignarfélög, sbr. einnig 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2007, rétt til greiðslu í samræmi við eignarhlut sinn í áðurnefndum hagnaði sem haldið hafi verið eftir í félaginu vegna rekstraráranna 2012/2013, 2013/2014, 2014/2015, 2015/2016 og 2016/2017. Þessi réttur leiði einnig af almennum reglum körfuréttar því að í raun sé um að ræða skuld D&T sf. við stefnanda. Ljóst sé að ekkert í stofnsamningi D&T sf. eða samkomulagi A-félagsmanna takmarki þennan lagalega rétt stefnanda eða annarra eigenda til hlutdeildar í hagnaði við útgöngu úr félaginu sem sannarlega hafi tilheyrt honum. Þvert á móti segi berum orðum í fyrrnefndum reglum um hagnaðarskiptingu að þessi uppsafnaði höfuðstóll skyldi greiddast út í síðasta lagi við útgöngu félagsmanna úr félaginu.

Með vísan til framangreinds gerir stefnandi kröfu um greiðslu á áðurnefndri hlutdeild í eftirstæðum hagnaði D&T sf. vegna fyrrgreindra reikningsára að fjárhæð samtals 10.443.175 krónur (kr. 2.551.407 + kr. 1.492.801 + kr. 2.951.288 + kr. 2.265.075 + kr. 1.182.604). Myndi önnur niðurstaða tryggja fyrrverandi meðeigendum stefnanda aukna arðsúthlutdeild og eignaaukningu á hans kostnað með ólögumætum og ótilhlýðilegum hætti.

Stefnandi vekur athygli á því að í nýju samningunum, sbr. grein 19.1 í NWE-samningnum, sbr. kafla 5 í hluthafasamkomulaginu (sem vísi til ákvæða NWE-samningsins), sé kveðið skýrt á um þennan sama rétt eigenda við útgöngu. Stefnandi áréttar að í þessu felist ekki nein breyting frá eldra fyrirkomulagi.

Þá vekur stefnandi sem fyrr athygli á því að fyrir Héraðsdómi Reykjaness sé rekið mál nr. E-767-2017, en niðurstaða þess kunní að hafa áhrif á framangreinda útreikninga. Áskilur stefnandi sér rétt til að leggja fram nýja útreikninga og breyta kröfugerð að teknu tilliti til niðurstöðu þess máls.

Krafa vegna réttar til hlutdeildar í styrk.

Alþjóðafélag Deloitte hafi lofað, árið 2016, að veita þeim Deloitte-félögum sem tækju upp samstarf undir merkjum Deloitte Nordic styrki vegna fjárfestinga aðildarfélaganna í uppbyggingarverkefnum næstu tvö árin. Styrkur skyldi greiddur út eftir fjárfestingu sem hefði verið viðurkennd styrkhæf, en ekki fyrirfram. Deloitte á Íslandi og Deloitte-fyrirtæki annars staðar á Norðurlöndunum hafi tekið upp samstarf frá og með 1. júní 2016 undir nafni Deloitte Nordic og hafi því átt rétt á slíkum styrk ef fyrirtækin legðu í fjárfestingu sem uppfyllti skilyrði alþjóðafélags Deloitte.

Deloitte-samstæðan hafi ráðist í slíka fjárfestingu í júní árið 2016 þegar Blásalir ehf., dótturfélag D&T sf., hafi keypt allt útgefið hlutafé í félögum Talenta ehf. og Staki automation ehf. sem reki upplýsingatekniþjónustu og -ráðgjöf og hugbúnaðargerð. Þetta hafi leitt til þess að Deloitte ehf., dótturfélag D&T sf., fékk samþykktan styrk að fjárhæð 700.000 evrur í byrjun janúar 2017. Styrkurinn að fjárhæð 84.336.000 krónur hafi síðan verið greiddur í mars 2017 frá alþjóðafyrirtæki Deloitte, í gegnum Deloitte Nordic.

Deloitte ehf. hafi ekki fært umræddan styrk til tekna í ársreikningi sínum fyrir reikningsárið 1. júní 2016 til 31. maí 2017, heldur hafi hann verið færður sem langtímaskuld án nokkurra skýringa, þrátt fyrir að ljóst sé að ekki sé um að ræða skuld eða skuldbindingu við nokkurn aðila. Á fundi A-félagsmanna

í D&T sf. 17. ágúst 2017 hafi umræður farið fram um framangreindan styrk og meðferð hans í ársreikningi. Hafi stefnandi bókað á fundinum að hann teldi að verulegir ágallar væru á kynntum ársreikningi Deloitte ehf. Þannig væru eignir og skuldir ekki rétt skráðar og hagnaður félagsins verulega vanmetinn, m.a. þar sem umræddur styrkur hefði ekki verið tekjufærður í ársreikningi, heldur skráður sem langtímaskuld þótt ljóst væri að sú meinta „skuld“ væri ekki við neinn og myndi aldrei koma til greiðslu.

Stefnandi byggir á því að tekjufæra hafi átt umræddan styrk í bókum félagsins reikningsárið 1. júní 2016 til 31. maí 2017. Erfitt sé að sjá rök fyrir þeirri bókhaldslegu meðferð sem styrkurinn hafi fengið. Með þessari meðferð hafi þessi styrkur hvorki komið inn í hagnað félagsins eða til hækkunar á bókfærðu eigin fé. Sama gildi þá um ársreikning D&T sf. sem færi eignarhlut sinn í Deloitte ehf. í sínum ársreikningi eftir hlutdeildaraðferð. Sem langtímaskuld sé ljóst að ekki standi til að umræddur styrkur verði tekjufærður eða færður til hækkunar á eigin fé fyrr en í fyrsta lagi eftir 31. maí 2018. Þessi meðferð á styrknum hafi leitt til þess að þeir A-félagsmenn sem innleystir voru fyrir þann tíma fái þannig að óbreyttu ekki hlutdeild í ávinningnum af þessum styrk.

Stefnandi byggir á því að hann eigi samkvæmt almennum reglum um sameignarfélag, sbr. einnig 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2007, rétt til hlutdeildar í áðurnefndum styrk í samræmi við eignarhlut sinn. Styrkurinn hafi verið að fjárhæð 84.336.000 krónur. A-félagsmenn í D&T sf. hafi verið 17 þegar styrkurinn var greiddur í mars 2017. Að teknu tilliti til 20% tekjuskattsskuldbindingar Deloitte ehf. sé því hlutdeild stefnanda í styrknum 3.968.753 krónur.

Verði af einhverjum ástæðum ekki fallist á að stefnandi eigi rétt til framangreinds á grundvelli almennra reglna um sameignarfélög byggir stefnandi á því að stjórnarmenn D&T sf. hafi valdið honum tjóni sem nemur 3.968.753 krónum með því að tekjufæra ekki styrkinn í samræmi við hefðbundnar reikningsskilareglur, heldur færa hann inn sem langtímaskuld. Stefnandi telur ljóst að styrkurinn verði einhvern tímann tekjufærður og miði því háttsemi stjórnenda D&T sf. að því að tryggja meðeigendum stefnanda í A-flokki aukna hlutdeild í styrknum á kostnað stefnanda með ólögætum hætti. Hafi sú háttsemi verið bæði saknæg og ólögæt og valdið stefnanda tjóni sem nemi framangreindri fjárhæð. Að sama skapi hafi háttsemin leitt til þess að allir A-félagsmenn utan stefnanda hafi auðgast með ólögætum hætti á kostnað stefnanda sem nemi áðurnefndri fjárhæð. Stefnandi byggir því enn fremur á því að stefnda D&T sf. beri að endurgreiða fjárhæðina á grundvelli reglna um ólögætta auðgun.

Stefnandi byggir kröfu um dráttarvexti á því að gjalddagi þeirra krafna sem gerðar séu í fyrstu aðal- og varakröfu hafi verið innlausnardagur 1. janúar 2018, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 50/2007. Stefnandi eigi því rétt til dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi, sbr. 1. mgr. 5. gr. síðastnefndra laga.

Krafa um viðurkenningu á rétti til hlutdeildar í hagnaði D&T sf. reikningsárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018.

Í síðari aðalkröfu stefnanda krefst hann þess að viðurkenndur verði réttur hans til 1/17 hlutdeildar í samræmi við eignarhlut sinn í hagnaði D&T sf. reikningsárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018 vegna tímabilsins sem stefnandi hafi notið réttinda sem félagsmaður í D&T sf., frá 1. júní 2017 til 1. janúar 2018. Stefnandi setur fram varakröfu undir þessum kröfulið ef talið verði að eignarhlutur stefnanda í D&T sf. hafi sannlega verið innleystur 1. nóvember 2017 og að stefnandi eigi ekki formlegan rétt til hlutdeildar í hagnaði vegna tímabilsins 1. nóvember 2017 til 31. janúar 2018. Byggir stefnandi þá á því að hann eigi rétt til hagnaðar vegna tímabilsins 1. júní til 1. nóvember 2017 og að innlausnin 1. nóvember 2017 hafi verið saknæg og ólögæt og valdið stefnanda tjóni.

Þá setur stefnandi fram þrautavarakröfu og þrautþrautavarakröfu ef ekki skyldi vera fallist á að stefnandi eigi rétt á hagnaðarhlutdeild samkvæmt lögum nr. 50/2007, þá væntanlega á þeim grundvelli að hann hafi verið bundinn við annaðhvort eldra samkomulag A-félagsmanna í D&T sf. frá 14. nóvember 2013 eða nýju samningana. Í því tilfelli byggir stefnandi á að hann geti ekki átt lakari rétt til hagnaðarhlutdeildar síðasta rekstrarárið en aðrir félagsmenn samkvæmt nýju samningunum, sbr. nánar kafla 2.3 hér eftir. Þrautþrautavarakrafan sé sett fram í sama tilgangi og varakrafan.

Stefnandi byggir á því að hann hafi ekki verið aðili að neinum samningum varðandi Deloitte ehf. eða D&T sf. öðrum en ráðningarsamningi við Deloitte ehf. og stofnsamningi D&T sf. þegar hann sagði

upp störfum og krafðist innlausnar á eignarhlut sínum. Þannig sé ljóst að 3. gr. samkomulags A-félagsmanna frá 14. nóvember 2013, sem kvað á um að A-félagsmaður sem seldi hlut sinn eða sætti innlausn ætti ekki rétt á hagnaðarhlutdeild vegna þess rekstrarárs sem sala eða innlausn ætti sér stað, gildi ekki um stefnanda.

Samkvæmt 3. gr. stofnsamningsins var stofnframlag hvers A-félagsmanns að nafnverði 500.000 krónur hver hlutur og nafnverð þess sem B-félagsmenn átta var að fjárhæð 100.000 krónur hver hlutur. Stefnandi hafi, sem A-félagsmaður, verið eigandi að 500.000 króna eignarhlut, sbr. 4. gr. stofnsamningsins. Við lok reikningsárs 31. maí 2017 hafi, samkvæmt skýringu nr. 9 í ársreikningi, stofnfé A-félagsmanna verið 8.500.000 krónur og B-félagsmanna 1.100.000 krónur eða 17 A-félagsmanna og 11 B-félagsmanna. B-félagsmenn eigi einungis rétt á að fá eignarhluti sína greidda á nafnverði fari þeir út úr félaginu eða verði félaginu slitið. Samkvæmt 11. gr. stofnsamningsins skyldi á árlegum aðalfundi félagsins taka ákvörðun um hvernig fara skyldi með hagnað eða tap og um útgreiðslur til félagsmanna fyrir liðið starfsár, sem sé frá 1. júní til 31. maí samkvæmt 21. gr. stofnsamningsins. Rekstrarárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018 sé liðið og liggi væntanlega fyrir hver hagnaður félagsins hafi verið á árinu.

Með vísan til 2. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991 skorar stefnandi á stefndu að upplýsa og leggja fram gögn um hagnað rekstrarársins 1. júní 2017 til 31. maí 2018 og ársreikninga Deloitte ehf. og D&T sf.

Stefnandi átti samkvæmt almennum reglum um sameignarfélög, sbr. einnig 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2007, rétt á hlut í hagnaði í samræmi við eignarhlut sinn vegna reikningsársins 1. júní 2017 til 31. maí 2018, í réttu hlutfalli við þann tíma sem stefnandi naut réttinda sem félagsmaður á reikningsárinu. Eignarhlutur stefnanda og réttur hans til hlutdeildar í hagnaði sé varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar og því hefði þurft að liggja fyrir ótvíræður samningur til að takmarka þennan rétt stefnanda öðrum meðeigendum til hagsbóta. Líkt og fyrr segi byggir stefnandi á því að 3. gr. samkomulags A-félagsmanna frá 14. nóvember 2013 hafi ekki gilt um stefnanda og byggir stefnandi á því að stefndu verði að bera hallann af öllum vafa um það hvaða samningar, ef einhverjir, hafi gilt milli stefnanda og annarra meðeigenda.

Verði talið að 3. gr. samkomulagsins frá 14. nóvember 2013 hafi, þrátt fyrir framangreint, ekki fallið úr gildi, og að forminu til verið gilt um stefnanda, byggir hann á því að ákvæðið sé óskuldbindandi fyrir hann á grundvelli ógildingarreglna samningaréttar. Vísar stefnandi í þessu sambandi til sömu málsástæðna og lagaraka og fram koma í mgr. 33-34 að framan.

Ekki liggi fyrir hvort eða hvaða fjárhæð verði haldið eftir í félaginu vegna rekstrarársins 2017/2018 á grundvelli heimildar þar að lútandi í reglum um hagnaðarskiptingu/einingakerfi. Stefnandi telur að það hafi ekki þýðingu enda ætti stefnandi einnig rétt á slíkum eftirstæðum hagnaði á grundvelli röksemda sem raktar voru í kafla 1.2.1.

Um innlausnartíma.

Með bréfi 1. júlí 2017 sagði stefnandi upp sem starfsmaður Deloitte ehf. og krafðist innlausnar á eignarhlut sínum í D&T sf., hvort tveggja með sex mánaða fyrirvara. Ástæður að baki uppsögninni séu raktar hér að framan, en stefnandi telur að stjórnir Deloitte ehf. og D&T sf. hafi gróflega brotið á réttindum hans og bolað honum í burtu í kjölfar þess að hann hafi ekki samþykkt þá samninga sem fjallað sé um að framan þótt stefnandi hafi síðar átt frumkvæðið að því að segja formlega upp störfum.

Samkvæmt almennum reglum hafi uppsögn stefnanda tekið gildi næstu mánaðamót eftir uppsögn, eða 1. ágúst 2017, og hafi stefnandi því haldið öllum réttindum sínum sem starfsmaður til og með 31. janúar 2018, þótt ekki hafi verið óskað eftir vinnuframlagi stefnanda frá 31. október 2017. Þá miði stefnandi við að uppsögn stefnanda á félagsaðild hafi samkvæmt 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2007 tekið þegar gildi 1. júlí 2017 og að stefnandi hafi haldið öllum réttindum sínum sem félagsmaður í D&T sf. til 1. janúar 2018. Á meðan félagsmaður í sameignarfélagi inni af hendi það vinnuframlag sem honum beri séu ekki forsendur til að innleysa eignarhlut hans. Það að forstjóri félaganna hafi komið í veg fyrir að stefnandi gæti innt af hendi vinnuframlag hjá Deloitte ehf. síðustu þrjá mánuði uppsagnarfrests fái engu breytt um réttindi stefnanda sem starfsmanns í uppsagnarfresti og þar með rétt til að eignarhlutur hans verði ekki innleystur á meðan á þeim fresti stendur. Stefnandi telur því að miða verði við að eignarhlutur hans í D&T sf. hafi verið innleystur 1. janúar 2018. Stefnandi hafi því notið fullra réttinda sem starfsmaður Deloitte ehf. og félagsmaður í D&T sf. fram að því.

Í bréfum forstjóra Deloitte ehf. og D&T sf. frá 1. og 2. nóvember 2017 sé því haldið fram að eignarhlutur stefnanda hafi verið innleystur 1. nóvember 2017. Þessu hafnar stefnandi. Stefnandi fær ekki séð á hvaða forsendum forstjóri Deloitte ehf. og D&T sf. hafi talið sér heimilt að innleysa eignarhlut stefnanda 1. nóvember 2017.

Væntanlega miðist tímasetning meintrar innlausnar 1. nóvember 2017 við það tímamark þegar ekki hafi lengur verið óskað eftir vinnuframlagi stefnanda og forstjóri D&T sf. og Deloitte ehf. komið beinlínis í veg fyrir það. Stefnandi telur að slíkt fái því ekki breytt að ekki hafi verið heimilt að innleysa eignarhlut hans á meðan hann hafði enn réttindi sem starfsmaður fyrir en frestur skv. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2007 væri liðinn. Því verði að miða við að innlausn á eignarhlut stefnanda hafi með réttu átt að fara fram 1. janúar 2018 þegar sex mánuðir hafi verið liðnir frá því að stefnandi sagði upp ráðningarsamningi og félagsaðild og hafi krafist innlausnar, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2007. Stefnandi eigi því rétt til hlutdeildar í hagnaði D&T sf. vegna tímabilsins frá 1. júní 2017 til 1. janúar 2018. Sú ákvörðun stjórnenda Deloitte ehf. og D&T sf. að koma í veg fyrir vinnuframlag stefnanda frá 31. október 2017 hafi verið einhliða ákvörðun þeirra og geti ekki leitt til réttindamissis stefnanda.

Stefnandi telur ljóst að ákvæði 3. gr. samkomulags A-félagsmanna frá 14. nóvember 2013, um að innlausn skuli talin hafa átt sér stað í þeim mánuði sem A-félagsmaður hættir að skila fullri dagvinnu í dagvinnutíma til samstæðunnar, hafi hér enga þýðingu, enda hafi samkomulagið fallið úr gildi áður en stefnandi krafðist innlausnar, sbr. áðurgreint, auk þess sem stefnanda hafi verið gegn hans vilja gert ómögulegt að skila slíkri vinnu til samstæðunnar. Í öllu falli sé ákvæðið fallið niður á grundvelli ógildingarreglna samningaréttar.

Við framangreint bætist að forstjóri D&T sf. og Deloitte ehf. hafi ekkert umboð haft samkvæmt lögum um sameignarfélög, stofnsamningi félagsins eða öðrum reglum félagsins til að ákveða innlausn á eignarhlut stefnanda, frekar en annarra félagsmanna, eða ákveða einhliða hvenær slík innlausn ætti sér stað. Þvert á móti segi skýrt í 4. lið 11. gr. stofnsamnings D&T sf., sbr. einnig 36. gr. laga nr. 50/2007, að ákvarðanir um innlausn eignarhluta félagsmanna skuli teknar á félagsfundi. Stefnandi telur því að meint innlausn 1. nóvember 2017 hafi verið markleysa og að eignarhlutur stefnanda hafi verið innleystur með réttu 1. janúar 2018.

Beiðni stefnanda 1. júlí 2017 um innlausn eignarhluta í D&T sf. hafi verið skrifleg í samræmi við ákvæði laga um sameignarfélög og stofnsamning D&T sf. og hafi stjórn borið að svara henni án tafar. Skýrt komi fram í 23. grein stofnsamnings að hafi samþykki stjórnar eigi borist innan tveggja mánaða skuli litið svo á að samþykki hafi verið veitt. Stjórn D&T sf. hafi aldrei svarað fyrirnefndu bréfi stefnanda. Stefnandi telur að með því hafi stjórnin veitt samþykki sitt fyrir því að innlausn ætti sér stað með 6 mánaða fyrirvara eins og stefnandi hafi farið fram á í bréfi sínu.

Stefnandi setur fram varakröfu undir þessum kröfulegum ef talið verði að eignarhlutur stefnanda í D&T sf. hafi sannarlega verið innleystur 1. nóvember 2017 og að stefnandi eigi ekki formlegan rétt til hlutdeildar í hagnaði vegna tímabilsins 1. nóvember 2017 til 1. janúar 2018. Byggir stefnandi þá á því að innlausnin 1. nóvember 2017 hafi verið saknæm og ólögmet og valdið stefnanda tjóni. Stefnandi telur ljóst að sú háttsemi að innleysa eignarhlut hans 1. nóvember 2017, áður en sex mánaða frestur samkvæmt 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2007 var liðinn, hafi falið í sér brot gegn áðurnefndu ákvæði. Háttsemin hafi þannig verið bæði ólögmet og saknæm. Ef ekki hefði verið fyrir hina saknæmu háttsemi hefði stefnandi notið réttinda sem félagsmaður í D&T sf. til 1. janúar 2018 og því átt rétt til hærri hagnaðarhlutdeildar en hann myndi fá ef miðað væri við að eignarhlutur hans hafi verið innleystur 1. nóvember 2017. Þannig sé ljóst að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni og að augljós orsakatengsl eru á milli tjónsins og hinnar saknæmu háttsemi.

Verði ekki fallist á að stefnandi hafi verið óbundinn af eldra samkomulagi A-félagsmanna í D&T sf. frá 14. nóvember 2013 og nýju samningunum, og að hann eigi rétt til hlutdeildar í hagnaði D&T sf. fyrir tímabilið 1. júní 2017 til 1. janúar 2018 samkvæmt lögum nr. 50/2007, byggir stefnandi á því að hann eigi samkvæmt gr. 19.2, sbr. gr. 12.1, í NWE-samningnum, sbr. einnig grein 5.3 í hluthafasamkomulaginu (sem vísar til ákvæða NWE-samningsins), rétt til hlutdeildar, sem samsvarar 235 svonefndum einingum

af útgefnum alls 3975, í hagnaði D&T sf. reikningsárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018 í hlutfalli við þann tíma sem stefnandi hafi notið réttinda sem eigandi eignarhlutar í D&T sf. frá 1. júní 2017 til 1. janúar 2018.

Samkvæmt gr. 19.2, sbr. gr. 12.1, í NWE-samningnum eigi félagsmaður rétt á hlutdeild í hagnaði þess rekstrarárs þar sem hlutur hans sé innleystur í hlutfalli við þann tíma sem hann hafi verið félagsmaður á viðkomandi rekstrarári. Ljóst sé að ef ekki verði fallist á að stefnandi sé óbundinn af áður nefndum samningum, hljóti hann í öllu falli að eiga sama rétt og aðrir félagsmenn samkvæmt NWE-samningnum sem sannarlega breytti eldra samkomulaginu frá 14. nóvember 2013.

Byggt sé á því að stefnandi hafi átt að fá úthlutað fyrirfram 235 NWE-einingum fyrir rekstrarárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018 og þær einingar, til viðbótar við þær 3.740 einingar sem úthlutað hafi verið til annarra A-félagsmanna á A-félagsmannafundi í ágúst 2017, geri samtals 3.975 einingar. Rekstrarárið áður hafi stefnandi fengið úthlutað 245 íslenskum einingum og sé þeim breytt yfir í NWE-einingar geri það 235 einingar. Það hafi því verið þær einingar sem stefnandi hafi formlega verið með þegar hann fór fram á innlausn 1. júlí 2017. Samkvæmt hagnaðarskiptingarreglum/einingakerfi hafi átt að úthluta einingum fyrirfram fyrir upphaf reikningsárs. Samkvæmt reglunum hafi heldur ekki mátt breyta einingum hjá neinum milli ára um meira en 30 einingar. Ekkert hafi breyst hjá stefnanda sem réttlæti það að hann hafi átt að lækka í einingum milli ára, nema síður væri, en þess beri að geta að flestallir eigendur hafi verið með óbreyttar einingar frá fyrra ári við úthlutun á félagsfundi í ágúst 2017, þó að teknu tilliti til breytingar á einingum allra úr íslenskum einingum yfir í NWE-einingar.

Með sama hætti og í varakröfu setur stefnandi fram þrautþrautavarakröfu ef talið verði að eignarhlutur stefnanda í D&T sf. hafi sannarlega verið innleystur 1. nóvember 2017 og að stefnandi eigi ekki formlegan rétt til hlutdeildar í hagnaði vegna tímabilsins 1. nóvember 2017 til 1. janúar 2018. Byggir stefnandi þá á því með vísan til þess sem fram kemur í mgr. 70 að innlausnin 1. nóvember 2017 hafi verið saknæm og ólögmet og valdið stefnanda tjóni. Ef ekki hefði verið fyrir hina saknæmu háttsemi hefði stefnandi notið réttinda sem félagsmaður í D&T sf. til 1. janúar 2018 og því átt rétt til hlutfallslega hærri hagnaðarhlutdeildar rekstrarárið 2017/2018 en hann myndi fá ef miðað væri við að eignarhlutur hans hafi verið innleystur 1. nóvember 2017.

Í þriðju aðalkröfu krefst stefnandi 620.739 króna auk dráttarvaxta úr hendi Deloitte ehf. vegna vangreidds orlofs við starfslok af þeim hluta launa sem greiddur hafi verið í formi fasts mánaðarlegs bifreiðastyrks.

Í lögum nr. 30/1987 um orlof sé kveðið á um að allir eigi rétt á greiðslu orlofs á laun, hvort heldur þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum. Það skipti því ekki máli hvað laun séu kölluð heldur hvort raunverulega sé um laun að ræða eða eitthvað annað, svo sem endurgreiðslu útlagðs kostnaðar.

Stefnandi hafi fengið greiddan fastan mánaðarlegan bifreiðastyrk síðastliðin rúm 34 ár sem umtalsverðan hluta launa sinna. Allan þann tíma hafi þessi fasti bifreiðastyrkur verið föst mánaðarleg fjárhæð, síðustu ár 270.000 krónur án tillits til þess hvort um einhvern akstur hafi verið að ræða fyrir vinnuveitanda eða hversu mikill sá akstur hafi verið. Í þeim tilvikum sem stefnandi hafi notað bifreið sína fyrir vinnuveitanda í lengri ferðum, t.d. út á land, þá hafi hann fengið þann kostnað endurgreiddan í formi bifreiðastyrks skv. akstursbók sem byggst hafi á opinberu kílómetragjaldi. Sá tilfallandi bifreiðastyrkur sé því alls óskyldur hinum fasta mánaðarlega bifreiðastyrk.

Gera verði skýran greinarmun á eðli bifreiðastyrks eftir því í hvaða formi hann sé. Bifreiðastyrkur í formi endurgreidds kostnaðar skv. akstursbók teljist ekki til launa og sé því undanþeginn staðgreiðslu tekjuskatts skv. 1. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 591/1987, sbr. 8. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Fastur mánaðarlegur bifreiðastyrkur sem greiddur sé óháð því hvort um sé að ræða akstur fyrir vinnuveitanda teljist til launa og af honum heldur vinnuveitandi eftir staðgreiðslutekjuskatti, sbr. 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og fyrrgreinda reglugerð, sem hann skili til ríkissjóðs og greiði einnig tryggingargjald af honum. Það sem sýni hvað best að um laun sé að ræða, en ekki endurgreiðslu á kostnaði, sé sú staðreynd að stefnandi hafi fengið umræddan bifreiðastyrk greiddan í uppsagnarfresti nóvember og desember 2017 og í janúar 2018 þrátt fyrir að stefnandi hafi ekki innt af hendi vinnuframlag að kröfu stjórnenda D&T sf. og Deloitte ehf. Eðli málsins samkvæmt hafi stefnandi því engum akstri sinnt fyrir stefnda Deloitte ehf. umrædda mánuði.

Þá sé enn fremur til þess að líta að stefnandi hafi síðastliðin 34 ár fengið umræddan fastan bifreiðastyrk greiddan í orlofi og hafi stefndi Deloitte ehf. þannig viðurkennt þann rétt stefnanda í verki.

Greitt orlof samkvæmt leiðréttum launaseðli 1. febrúar 2018 (vegna tímabilsins 1. janúar til 31. janúar 2018) geri ráð fyrir að stefnandi hafi átt sem samsvarar 2,299034 mánuði inni í orlof (kr. 270.000 x (2.852.061 / (1.109.833 + 130.714))). Fastur mánaðarlegur bifreiðastyrkur stefnanda hafi verið 270.000 krónur. Vangreitt orlof sé því að fjárhæð 620.739 krónur (kr. 270.000 x 2,299034). Útreikningur á mánaðarstuðlinum byggist annars í grunninn á orlofsinneign, 373,59 tímum, deilt með meðal mánaðarlegri vinnuskyldu, 162,50 (7,5 tímar x 21,666 dagar).

Krafist sé dráttarvaxta af fjárhæðinni samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 31. janúar 2018 sem var gjalddagi kröfunnar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Aðild stefnda D&T sf. byggist á almennum reglum um sameignarfélög, sbr. lög nr. 50/2007, sbr. einkum 32.-34. gr. laganna. Deloitte ehf. sé stefnt í málinu á grundvelli heimildar í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Þá byggist stefnandi á almennum reglum um sameignarfélög, sbr. lög nr. 50/2007, sbr. einkum 21. og 33. gr. laganna. Þá sé vísað til ógildingarreglna samningaréttar, þ.m.t. almennar reglur um brostnar forsendur og 33. og 36. gr. laga nr. 7/1996 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Einnig sé vísað til laga nr. 30/1987 um orlof, sbr. einkum 1., 2. og 8. gr. laganna, og laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, einkum 5. og 8. gr. Um heimild til að krefjast viðurkenningardóms vísist til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um heimild til kröfusamlags vísist til 1. mgr. 27. gr. sömu laga. Varnarþing styðst við 1. mgr. 33. gr. laganna. Krafa stefnanda um málskostnað styðst við 129. og 130. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu krefjast þess aðallega að kröfum stefnanda vegna hagnaðarhlutdeildar, það er aðalkröfu, varakröfu, þrautavarakröfu og þrautþrautavarakröfu, verði vísað frá dómi. Til vara krefjast stefndu þess að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara krefjast stefndu þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

Í öllum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með úrskurði þann 2. febrúar 2018 var frávísunarkröfu stefndu hafnað og er hún ekki til úrlausnar nú.

Málatilbúnaður stefndu byggist á því að við uppgjör milli aðila beri að líta til Samkomulags A-félagsmanna D&T sf. („eldri félagssamningur“), dagsett 14. nóvember 2013. Stefndu telja að stefnandi sé bundinn af þeim félagssamningi þegar kemur að uppgjöri og innlausn hluta hans.

Til vara telja stefndu að stefnandi sé bundinn af breyttum félagssamningum sem undirritaðir voru 30. maí 2017. Nánar tiltekið Shareholders' Agreement for Deloitte ehf. og Partnership Agreement between the A-members of D&T sf. („nýrri félagssamningur“). Stefndu telja þá kröfu stefnanda að litið sé til uppgjörreglna laga nr. 50/2007 í máli þessu ekki standast neina skoðun, enda ljóst að A-félagsmenn stefnda D&T sf. hafi samið sérstaklega sín á milli um uppgjör og skiptingu hagnaðar allt frá því að samstarf þeirra á milli hófst. Engin ástæða sé til þess að aðrar reglur eigi að gilda gagnvart stefnanda heldur en öllum öðrum einstaklingum sem verið hafa A-félagsmenn hjá stefnda D&T sf. síðustu áratugi.

Aðalkrafa stefnanda, bæði hvað varðar kröfu um innlausn og hagnaðarhlutdeild, er byggð á því að hann sé ekki bundinn af neinum samningum við fyrrverandi meðeigendur sína hjá stefnda D&T sf. og því beri eingöngu að líta til laga nr. 50/2007 við uppgjör á þeim kröfufliðum. Því mótmæla stefndu.

Virðist málatilbúnaður stefnanda nær alfarið byggjast á ákvæðum nýrri félagssamninganna, nánar tiltekið kafla 22 í hluthafasamkomulagi og grein 2.3 í eigendasamningi. Stefnandi telji aðila varla geta um það deilt að eldri félagssamningur hafi fallið úr gildi með nýrri félagssamningunum, sem hann sé þó ekki aðili að. Málatilbúnaður stefnanda sé því sá að samningar, sem hann telji sig ekki bundinn af, hafi þau áhrif að samningur, sem hann sannanlega var bundinn af, sé fallinn niður. Þannig geti aðrir A-félagsmenn stefnda D&T sf. einhliða felld niður samning sem stefnandi sé aðili að með þeirri réttarverkan að stefnandi hafi frá 30. maí 2017, einn A-félagsmanna stefnda D&T sf., ekki verið bundinn af neinum samningi um rekstur stefnda D&T sf. Þetta telja stefndu augljóslega ekki ganga upp.

Stefndu byggja aðallega á því að stefnandi sé bundinn af eldri félagssamningi og uppgjör fari fram á grundvelli hans.

Fyrir það fyrsta hafi ekki verið samið við stefnanda um niðurfellingu eldri félagssamnings og geta aðilar því byggt á honum við lögskipti sín á milli. Samningur falli ekki niður af sjálfu sér þótt hluti samningsaðila ákveði sín á milli að haga málum með öðrum hætti til framtíðar. Stefnandi hafi enn átt réttindi og borið skyldur samkvæmt fyrri félagssamningi. Á grundvelli hans hafi verið gert upp við stefnanda og því einsýnt að hann eigi ekki kröfu á grundvelli laga nr. 50/2007 líkt og málatilbúnaður hans gengur út á.

Í annan stað þá komi eftirfarandi fram í grein 22.1 í fyrrgreindu hluthafasamkomulagi:

„This Agreement (and all documents referred to herein) constitutes the entire agreement between the Parties and supersedes any prior agreement or arrangement in respect of their subject matter.“

Líkt og greinilega komi fram eigi þessi grein eingöngu við um réttarsamband þeirra sem aðilar séu að hluthafasamkomulaginu. Stefnandi hvorki sé né hafi verið aðili að því og geti því ekki byggt rétt á því.

Í grein 2.3 í fyrrgreindum eigendasamningi komi eftirfarandi fram:

„The Shareholders Agreement (together with the Nordic Agreement and NWE Partnership Agreement) replaces and revokes all previous Partnerships' Agreements between the Parties, as well as any separate Agreements pertaining to the Company, save for Incorporation Agreement of D&T sf., and this Agreement governing only Local Matters.“

Líkt og greinilega komi fram á þessi grein eingöngu við um réttarsamband þeirra sem séu aðilar að eigendasamningnum. Stefnandi hvorki sé né hafi verið aðili að honum og geti því ekki byggt rétt á honum. Stefnandi geti ekki valið þau ákvæði úr nýrri félagssamningunum sem henti honum að byggja á, samhliða því að hann haldi því fram að hann sé ekki bundinn af þeim hinum sömu samningum.

Lög nr. 50/2007 eigi við um sameignarfélög, þar með talið stefnda D&T sf. Það séu þó ákveðnar heimildir í lögnum, sbr. til að mynda 3. gr. og 6. mgr. 32. gr. laganna, til handa félagsmönnum að semja um stjórnkerfi, réttarstöðu sína innan félags sem og innlausn með félagssamningi. Það sé nokkuð sem A-eigendur D&T sf. gerðu með samkomulagi frá 14. nóvember 2013 og sambærilegum samningum sem í gildi höfðu verið um áratugaskeið.

Samkomulag A-félagsmanna kveði með skýrum hætti á um inn- og útgönguverð í D&T sf., sbr. 5. gr. samkomulagsins. Taki ákvæðið hvort sem er til þess þegar eigandi gengur sjálfviljugur úr félagi eða þegar félagið segir upp starfsmanni. Um gagnkvæmt samband sé að ræða og sambærileg sjónarmið eigi við þegar að starfslokum kemur og við inngöngu í félagið, þ.e. að framlag félagsmanns byggist á persónulegum forsendum fremur en fjárhagslegum. Stuðst hafi verið við slíkar heimildir í nokkuð ríkum mæli innan Deloitte og samið allítarlega um fjölda atriða. Megi til að mynda nefna að reglur um útreikning á eignarhluta við inn- og útgöngu séu ein af grundvallarforsendum fyrir samstarfi eigenda Deloitte og nokkuð sem gilt hafi í félagsskapnum í áratugi, þar með talið þegar stefnandi hafi gengið inn í félagið. Þennan ramma um samstarf verði að túlka m.t.t. gagnkvæmra trúnaðar- og tillitsskyldna sem hafi gilt í samnings- og réttarsambandi aðila.

Frá því að stefnandi gekk inn í félagið hafi umsamin reikniregla ítrekað verið notuð við mat á virði hlutar við útgöngu A-félagsmanns án þess að stefnandi eða nokkur annar hafi borið því við að reglan væri ósanngjörn eða óheiðarleg. Til marks um gagnsæi reglunnar þá hafi fjárhæð inn- og útgönguverðs verið kynnt félagsmönnum á aðalfundum. Gildi hin sama regla einnig í nýju félagssamningunum líkt og þeim fyrri.

Stefndu telja ljóst að þrátt fyrir að meirihluti eigenda í Deloitte hafi ákveðið að fara aðra leið við rekstur félagsskapparins en hugnaðist stefnanda þá geri slíkt það ekki að verkum að grundvallarbreytingar verði á samnings sambandi stefnanda tengdar eignarhluta hans í stefnda D&T sf. Þrátt fyrir að aðrir A-félagsmenn í stefnda D&T sf. hafi tekið þá ákvörðun að framvegis skyldi þeirra á milli gilda breyttar reglur um samstarf innan félagsins þá hafi það ekki í för með sér að réttindi og skyldur þeirra gagnvart stefnanda breytist nema um slíkt semdist sérstaklega. Ekki hafi verið samið við stefnanda um niðurfellingu eldri félagssamnings gagnvart honum.

Með sömu rökum væri hægt að halda því fram að aðrir A-félagsmenn gætu einhliða svipt stefnanda þeim rétti og þeim skyldum sem hann hafi haft samkvæmt fyrra samkomulagi. Slíkt gangi að sjálfsögðu ekki upp.

Réttindi og skyldur samkvæmt samkomulagi A-félagsmanna D&T sf., þ.e. eldri félagssamningnum, hafi enn gilt fullum fetum milli stefnanda annars vegar og hins vegar annarra A-félagsmanna í félaginu, þar með talið um uppgjör við innlausn. Er ekki á því byggt af hálfu stefnanda að eigendur stefnda D&T sf. hafi vanefnt samninginn með þeim áhrifum að hann falli niður eða að stefnandi hafi slitið samningssambandinu fyrir sitt leyti. Samningurinn hafi því að fullu haldið gildi sínu hvað varðar réttarsamband stefnanda við aðra eigendur D&T sf.

Það sé enda ljóst, samanber umfjöllun fyrr í greinargerð, að viðræður milli stjórnenda Deloitte annars vegar og stefnanda hins vegar um útgöngu hans úr félaginu höfðu staðið yfir í nokkurn tíma þegar stefnandi ákvað að segja upp störfum hjá félaginu. Aðrir A-félagsmenn D&T sf. geti ekki einhliða fellt niður samning sem stefnandi sé aðili að. Þeir geti aftur á móti breytt þeim samningi sín á milli til framtíðar litið. Skyldur og réttindi gagnvart stefnanda haldist samkvæmt eldri félagssamningnum enda hafi stefnandi ekki undirritað nýju samningana. Það séu engin rök sem styðji það að sú ákvörðun stefnanda að ganga ekki í sama takt og aðrir eigendur eigi að hafa það í för með sér að hann fái í sinn hlut um 135.000.000 króna meira við útgöngu úr félagsskapnum heldur en aðrir höfðu fengið undanfarna áratugi og honum hafi verið vel kunnugt um.

Við uppgjör milli stefnanda, Deloitte ehf. og D&T sf. hafi að öllu leyti verið farið eftir þeim samningum sem stefnandi hafði undirgengist og fylgt hafði verið í starfi Deloitte um áratugaskeið. Hafi hann fengið við uppgjörið tvö skuldabréf, annað byggt á gegnumstreymisverði og hitt vegna sérgreinds höfuðstóls, bæði í samræmi við 3. mgr. 5. gr. samkomulags A-félagsmanna í D&T sf. Samkvæmt 3. gr. sama samkomulags skuli innlausn eiga sér stað í þeim mánuði sem A-félagsmaður hættir að skila fullri dagvinnu í dagvinnutíma til samstæðunnar eftir að ákveðið hafi verið að um sölu eða innlausn sé að ræða. Í samræmi við þessa grein samkomulagsins og samkomulag stefnanda og stefndu um að síðasti dagurinn sem hann skilaði fullri dagvinnu í dagvinnutíma til samstæðunnar væri 31. október 2017 þá sendi forstjóri stefnda Deloitte ehf. bréf til stefnanda þar sem hann var upplýstur um að eignarhlutur hans í D&T sf. hefði verið innleystur. Voru við það tækifæri gefin út tvö skuldabréf, sbr. framangreint. Sé því ljóst að uppgjör og innlausn hafi verið í samræmi við þann samning sem stefnandi hafði undirgengist og fjárhæðir útgönguverðs og sérgreinds höfuðstóls sem kynntar höfðu verið á aðalfundi 16. september 2017.

Vísan stefnanda til 23. gr. stofnsamnings D&T sf. í málsgrein 31 í stefnu geti ekki verið á öðru en misskilningi byggð enda eigi hún ekki við um innlausn heldur veðsetningu, sölu, framsal hluta eða gjöf. Reglur fyrrgreinds samkomulags A-félagsmanna eigi við um innlausn. Þær eru skýrar og þeim hafi verið fylgt.

Hvað varði kröfu stefnanda um greiðslu hagnaðarhlutdeildar þá gilda sömu sjónarmið og áður hafa verið rakin. Stefnandi er bundinn af þeim réttindum og skyldum sem fram koma í fyrrgreindu samkomulagi A-félagsmanna en í 3. grein þess kemur fram að A-félagsmaður sem selur hlut sinn eða sætir innlausn eigi ekki rétt á hagnaðarhlutdeild vegna þess rekstrarárs sem salan eða innlausnin á sér stað. Það sé augljóst að sama til hvaða tímamarks sé litið, hvort sem það sé uppsagnarbréf stefnanda, síðasti starfsdagur hans, innlausn á hlutum eða lok uppsagnarfrests, þá hafi það sömu niðurstöðu í för með sér. Stefnandi eigi ekki rétt á hagnaðarhlutdeild vegna rekstrarársins 2017-2018. Engin rök standi til annars enda hafi umrædd regla verið í gildi hjá félaginu um árabíl og henni hefur margsinnis verið beitt án athugasemda.

Að lokum sé rétt að nefna að væntingar stefnanda geti ekki hafa staðið til þess að hann fái margfalda fjárhæð á við aðra í sömu stöðu við það að ganga úr félaginu. Það að aðrir A-félagsmenn hafi kosið að fara aðra leið en stefnandi geri það ekki að verkum að sanngjarnt sé að stefnandi fái hærri fjárhæð við útgöngu en samningar félagsins kveði á um og hvað þá að væntingar hans hafi staðið til þess enda hafi legið fyrir fjárhæð útgönguverðs og sérgreinds höfuðstóls. Væri niðurstaða í þá veru bersýnilega ósanngjörn enda í algjöru ósamræmi við umsamda innlausnargreiðslu.

Það væri einnig í ósamræmi við þá reglu sem verið hefur við lýði í áratugi hjá Deloitte að samræmi sé á milli inn- og útgönguverðs. Hvorki við inngöngu né útgöngu sé litið til verðmats á undirliggjandi eignum, enda grundvallast verðmæti félagsskaparins á hverjum tíma á persónulegu framlagi eigenda. Það að innganga stefnanda hafi verið með þeim hætti sem lýst hefur verið en útganga eigi ekki að vera það sé verulega ósannjarnt gagnvart öðrum félagsmönnum, auk þess sem það gengur gegn umsömdu rekstrarfyrirkomulagi. Megi hér nefna að stefnandi hafi sjálfur komið að gerð umræddra reglna og ættu þær því að vera honum vel kunnugar.

Með vísan til alls framangreinds telja stefndu að uppgjör gagnvart stefnanda hafi farið fram á grundvelli þess samkomulags sem hann undirgekkst, samkomulags sem ekki var fallið niður gagnvart stefnanda þótt aðrir A-félagsmenn D&T sf. hafi kosið að fara aðra vegferð en stefnandi kaus að samþykkja.

Stefndu byggja til vara á því að stefnandi sé bundinn af nýrri félagssamningum.

Líkt og komið hefur fram telja stefndu að stefnandi sé bundinn af eldri félagssamningi og því beri að gera upp við hann samkvæmt honum, líkt og gert hafi verið. Telji héraðsdómur þó að sá samningur sé niður fallinn eða eigi ekki við þegar kemur að lögskiptum aðila þá telja stefndu að líta beri til nýrri félagssamninganna þegar kemur að uppgjöri við stefnanda. Staðan geti aldrei verið sú að hvorugur samninganna bindi stefnanda þannig að líta beri til laga nr. 50/2007 með þeim afleiðingum að stefnandi fengi mun meira í sinn hlut en aðrir eigendur við útgöngu úr D&T sf. en samið hafi verið um og hann geti gert sér væntingar um.

Ástæðuna fyrir því að nýju félagssamningarnir bindi stefnanda megi finna í 12. grein eldri félagssamnings. Þar komi fram að samkomulaginu verði því aðeins breytt að breytingar hljóti samþykki 4/5 hluta atkvæða á A-félagsmannafundi.

Í dagskrá 178. hluthafafundar sem haldinn var í Deloitte þann 30. maí 2017 segi:

„Undirritun á hluthafasamkomulag NWE LLP, D&T sf. og A-félagsmanna.

Atkvæðagreiðsla um samþykktar breytingar á samkomulagi A-félagsmanna og undirritun samkomulagsins. Önnur mál.“

Líkt og fram komi í fundargerð fundarins undirrituðu 15 af 16 A-félagsmönnum hluthafasamkomulag skv. lið 1 og sami fjöldi samþykkti breytingar á samkomulagi A-félagsmanna. Umræddir samningar hafi því verið samþykktir af auknum meirihluta í samræmi við 12. gr. eldri félagssamnings. Séu þær breytingar og þeir nýju samningar þá bindandi fyrir alla þáverandi félagsmenn D&T sf., þar með talið stefnanda.

Nýju félagssamningarnir hafi í för með sér breytingar á eldri félagssamningi, að minnsta kosti að því marki sem þeir varða sömu efnisatriði. Hafi það ekki áhrif, líkt og fram komi í 28. mgr. í stefnu, að nýir samningsaðilar hafi komið að nýju félagssamningunum, enda falli slíkt einnig undir 12. gr. fyrri félagssamningsins. Sé sú breyting því heimil að fengnu samþykki 4/5 A-félagsmanna líkt og eigi við um inngöngu nýrra A-félagsmanna sem þarfnáðist ekki samþykkis allra heldur 4/5 hluta eigenda, sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. eldri félagssamnings. Það hvort félagsmenn allir þurfi að ganga inn í sameignarfélagið Deloitte NWE LLP og þeir sem séu löggiltir endurskoðendur þurfi síðan að gerast félagar að félagi endurskoðenda í Englandi og Wales hefur ekki áhrif á samningsskuldbindingarnar.

Megi hér einnig nefna að ekki verður séð af fundargerð hluthafafundarins að stefnandi hafi komið með athugasemdir um að ekki væri um breytingar að ræða heldur nýjan samning. Verði niðurstaða dómstóla sú að ekki hafi verið heimilt að breyta ákveðnum þáttum í eldri félagssamningi eingöngu með samþykki 4/5 hluta félagsmanna, s.s. með vísan til áskilnaðar í stofnsamningi D&T sf., þá hafi það ekki þau áhrif að nýju félagssamningarnir falli niður í heild. Byggja stefndu á því að séu ekki til staðar ákvæði í nýju félagssamningunum sem ekki teljist heimil breyting á eldri félagssamningnum þá gætu einstaka ákvæði nýju félagssamninganna talist ógild en ekki félagssamningarnir í heild.

Líkt og fram komi í greinum 6.9-6.15 í hluthafasamningnum gildi sömu reglur í nýju félagssamningunum hvað varði útgönguverð félagsmanna. Hafi því verið gert upp að fullu við stefnanda vegna innlausnar á hlutum hans, hvort sem litið sé til eldri eða nýju félagssamninganna.

Í stefnu komi fram að sú ákvörðun hafi verið tekin að úthluta stefnanda ekki neinum einingum vegna rekstrarársins 2017-2018. Í því sambandi þykir rétt að benda á að um úthlutun eininga fyrir

rekstrarárið 2017-2018 hafi farið samkvæmt ákvæðum Limited Liability Partnership Agreement of Deloitte NWE LLP, sem stefnandi hafi ekki verið aðili að. Eins og fram komi í samningnum hafi það ekki verið á valdi stefndu að ákveða einingaúthlutun fyrir umrætt rekstrarár heldur var sú ákvörðun tekin af stjórn Deloitte NWE LLP. Þar sem stefnandi sé ekki félagssmaður í Deloitte NWE LLP gat hann ekki fengið úthlutað einingum. Þegar kom að eiginlegri úthlutun úr félaginu vegna rekstrarársins 2017-2018, þ.e. á aðalfundi D&T 2018, hafi stefnandi verið genginn úr félaginu, sbr. ofangreint, og hafi því ekki átt rétt til hagnaðarhlutdeildar, hvorki samkvæmt 1. mgr. 3. gr. eldri félagssamnings né samkvæmt nýja félagssamningnum. Komist dómstólar að því að nýrri félagssamningarnir gildi um lögskipti aðila þá hafi það ekki áhrif á mögulegan rétt stefnanda til hagnaðarhlutdeildar.

Reglur um úthlutun svokallaðra NWE-eininga komi fram í 11. kafla Limited Liability Partnership Agreement of Deloitte NWE LLP. Þar komi fram að það sé forstjóri Deloitte NWE sem komi með tillögu til stjórnar Deloitte NWE um það hvernig úthluta skuli NWE-einingum, að fenginni ábendingu frá forstjóra stefnda Deloitte ehf., sbr. grein 11.6 a). Að fengnu álitu annarra sé það síðan stjórn Deloitte NWE sem ákveði endanlega úthlutun eininga. Sé einstakir eigendur ósáttir með fjölda eininga sem þeim hafi verið úthlutað þá geti þeir mótmælt úthlutuninni innan 60 daga, sbr. grein 11.8. Berist ekki mótmæli frá einstökum eigendum innan 60 daga þá standi úthlutun stjórnar og verði ekki haggð. Það sé ljóst að stefnandi sendi ekki mótmæli til stjórnarformanns Deloitte NWE, í samræmi við grein 11.8, og hefur því misst allan rétt til úthlutunar NWE-eininga, hafi sá réttur einhvern tíma verið til staðar en stefndu byggja á því að svo hafi ekki verið. Standi því sú ákvörðun að úthluta honum ekki svokölluðum NWE-einingum og verður henni ekki haggð.

Með vísan til alls framangreinds telja stefndu rétt að fara yfir hverja og eina dómkröfu stefnanda. Krafa stefnanda vegna innlausnar á eignarhluta í D&T sf.

Líkt og fram komi í mgr. 25 í stefnu byggir stefnandi aðalkröfu sína á því að innlausnarverð skuli ákveðið eftir 1.-3. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007. Stefndu vísa til þess sem fram komi, hvað það varði, framár í greinargerð þessari og mótmæla alfarið kröfu stefnanda. Þar sem stefnandi hafi verið aðili að eldri félagssamningnum og sá félagssamningur hafi ekki verið felldur niður gagnvart stefnanda þá beri að fara eftir eldri félagssamningnum þegar komi að uppgjöri á innlausnarverði, sbr. 4. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007. Líkt og farið hefur verið yfir þá hafi það verið gert og gert upp við stefnanda að fullu. Eigi hann því ekki kröfu á hendur stefnda D&T sf. um frekari greiðslur vegna innlausnar.

Stefnandi haldi því fram, sé hann bundinn af annaðhvort eldri eða nýrri félagssamningnum, að þeir séu óskuldbindandi fyrir hann á grundvelli ógildingarreglna samningaréttar. Því er alfarið mótmælt.

Stefndu mótmæla því að bersýnilega ósanngjarnt eða óheiðarlegt sé af hálfu stefndu að bera fyrir sig 5. gr. eldri félagssamnings, sbr. 36. gr. og 33. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Stefndu gekkst sjálfviljugur undir þessar skuldbindingar og hafði ávinning af samningssambandinu. Þessar sömu reglur hafi gilt um áratugaskeið og gilda enn um aðra eigendur og raunar hafi stefnandi átt stóran þátt í að móta umræddar reglur. Sé því ekki um bersýnilega ósanngjarnar eða óheiðarlegar reglur að ræða heldur sameiginlega ákvörðun meðeigenda í félagi um aðferðafræði við útreikning innlausnarverðs. Er vísað til fyrri umfjöllunar hvað þetta varðar. Að auki megi benda á að fjárhæð kröfu stefnanda um innlausnarverð sé í engu samræmi við það inngönguverð sem hann og aðrir eigendur hafi greitt og því krafan verulega ósanngjörn.

Rétt sé einnig að benda á að sömu reglur gildi um innlausn samkvæmt nýju félagssamningnum og hinum eldri. Sé því ekki um forsendubrest að ræða, enda sömu reglur sem gildi hvort sem litid sé til eldri eða nýrri félagssamninga.

Hvað varði fjárhæð aðalkröfu stefnanda þá sé henni alfarið mótmælt. Stefndu geri kröfu um greiðslu 135.109.881 krónu vegna innlausnarverðmætis eignarhlutar stefnanda í stefnda D&T sf., sem stefnandi hafi verið gert að þola innlausn á í kjölfar starfsloka hjá Deloitte, og stefnandi telji ranglega metinn til verðs.

Stefndu krefjast sýknu af þessari kröfu með vísan til þess að staðið hafi verið með réttum hætti að ákvörðun um innlausn auk þess sem farið hafi verið eftir eldri félagssamningi að öllu leyti við mat á innlausnarverði. Hafna stefndu öllum málsástæðum sem stefnandi teflir fram til stuðnings því að hann sé

óbundinn af 5. gr. samkomulags A-félagsmanna um útreikning innlausnarverðs enda hafi innlausnin verið lögmæt, sbr. umfjöllun hvað það varði framár í greinargerð þessari.

Stefndu telja að auki engin skilyrði uppfyllt til að beita reglum um brostnar forsendur. Fyrst sé til þess að líta að þegar stefnandi gekk í félagsskapinn upplýsti hann ekki um að það væri forsenda hans fyrir samstarfinu að ekki yrðu gerðar breytingar á félagssamningi; að samningar yrðu ekki gerðir við aðra aðila; og að ekki yrði gengið inn í félag endurskoðenda í Englandi og Wales. Þvert á móti hafi stefnanda verið fullkunnugt um að Deloitte væri alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafarfyrtæki hvers starfsemi grundallist á alþjóðlegu samstarfi þeirra sem aðild eigi að félaginu. Hafi stefndu því ekki verið kunnugt um þessar meintu forsendur stefnanda. Það sé nú einnig svo að það eru stefndu sem vilji beita reglum eldri félagssamnings stefnda D&T sf. við uppgjör við stefnanda. Telja stefndu að ljóst sé að það hafi verið forsenda allra aðila félagssamninga D&T sf., fyrr og síðar og þar með talið stefnanda, að verð við inngöngu sem og útgöngu væri með þeim hætti sem samið hafi verið um. Sé því með ólíkindum að stefnandi reyni að koma sér undan þeirri grundvallarforsendu samstarfsins með vísan til reglna um brostnar forsendur. Sé með vísan til framangreinds ekki mögulegt að byggja á því að um forsendubrest sé að ræða.

Stefndu mótmæla einnig harðlega þeirri verðmatsaðferð sem stefnandi beiti til rökstuðnings fjárhæðar dómröfu sinnar. Eigi þau mótmæli, þótt þau séu ekki tæmandi talin, bæði við um aðferðina sem slíka og þær forsendur sem stefnandi noti til að komast að niðurstöðu. Fyrir það fyrsta þá hafi eigendur félagsins þegar ákveðið hvernig meta eigi verðmæti hlutarins í lögmætum samningum sín á milli. Í annan stað telja stefndu rangt að taka ekki tillit við slíkt verðmat til þeirra hamla sem gildi um eignarhlut stefnanda í stefnda D&T sf. Sé að mati stefndu augljóst, ef líta eigi fram hjá umsaminni aðferð við mat á virði hlutarins, að taka þurfi tillit til þeirra kvaða sem gildi um hlutinn, þar með talið hamla á sölu hlutar á opnum markaði, skuldbindingar félagsmanna um að selja eignarhluta sinn við 62 ára aldur og þeirrar verðmatsreglu sem sannanlega sé til staðar í eldri sem og nýjum félagssamningum. Þannig sé ekki hægt að meta hlut A-félagsmanna í stefnda D&T sf. með sömu aðferðarfræði og hefðbundin sameignarfélög eða hlutafélög þar sem eigendur geti notið góðs af framtíðarsjóðflæði undirliggjandi eigna eða selt hlutinn ótengdum aðila á verði sem taki mið af framtíðarsjóðflæði. Sérstaklega sé því síðan mótmælt að hægt sé að líta til mats á verðmæti viðskiptavildar sem fram komi í minnisblaði fjármálaráðgjafar Deloitte um virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild Deloitte ehf., dags. 17. ágúst 2016. Minnisblað um virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild, að teknu tillit til tilgangs þess og þeirra fyrirvara sem í því séu, geti aldrei orðið grundvöllur fjárkröfu í málinu enda tilgangur virðisrýrnunarprófs að meta nýtingarvirði sjóðskapandi einingar en ekki að meta virði eignarhluta í félaginu. Þannig sé meðal annars ekki tekið tillit til þeirra kvaða sem gilda um hlutabréf félagsins við mat á endurheimtanlegu virði viðskiptavildar. Framangreind mótmæli gegn verðmæti stefnanda séu ekki tæmandi talin.

Það sé því ljóst að stefndu gera verulegar athugasemdir við aðferðafræði og forsendur verðmats stefnanda.

Til vara er sýnkukrafa stefndu byggð á því að stefnandi sé bundinn af nýrri félagssamningum. Vísast þar um til umfjöllunar hvað það varði framár í greinargerð þessari. Sömu sjónarmið eigi við hvað varakröfu stefndu varði og aðalkröfu, búið sé að gera upp að fullu við stefnanda vegna innlausnar á hlut hans í stefnda D&T sf.

Krafa stefnanda vegna innlausnar á eignarhluta í D&T sf.

Varakrafa stefnanda byggist annars vegar á því að hann eigi hlutdeild í „eftirstæðum hagnaði“ sem haldið hafi verið eftir í stefnda vegna rekstraráranna 2012-2017 og hins vegar á því að hann eigi rétt til 1/17 hlutdeildar í „styrk“ sem Deloitte ehf. hafi fengið greiddan í mars 2017. Stefnda D&T sf. mótmælir báðum þessum kröfum og telur þær byggðar á misskilningi. Varnir stefndu séu byggðar á sömu málsástæðum, bæði í aðalkröfu og í varakröfu vegna kröfu um sýknu af þessum kröfuflið.

Hvað varði kröfu um hlutdeild í „eftirstæðum hagnaði“ þá byggji stefnandi þá kröfu sína á því að á grundvelli „Reglna um hagnaðarskiptingu – einingakerfi“ hafi Deloitte haldið eftir ákveðnu hlutfalli af úttekt allra hluthafa í félaginu sem víkjandi láni. Sú heimild hafi verið nýtt rekstrarárin 2012-2017 og því beri að greiða stefnanda hans hlutdeild í því víkjandi láni nú þegar innlausn á hlut hans eigi sér stað. Þessu sé mótmælt.

Samkvæmt fyrrgreindum reglum félagsins getur stjórn lagt til að greiða ekki út allan hagnað, sem úthlutað er skv. þessum reglum, og/eða halda eftir ákveðnu hlutfalli af úttekt allra hluthafa í félaginu sem víkjandi láni. Eins og fram komi í fyrrgreindu ákvæði hafi verið gert ráð fyrir að stjórn hefði heimild til að leggja fram slíka tillögu með hliðsjón af markmiðum stjórnar um eiginfjármyndun í félaginu. Það sé skemmt frá því að segja að heimild til að halda eftir ákveðnu hlutfalli af úttekt allra hluthafa í félaginu sem víkjandi láni hafi ekki verið nýtt og hafi stefnandi ekki lagt fram nein gögn til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni.

Hins vegar sé bæði í eldri og nýrri félagssamningum kveðið á um skyldu félagsins til þess að halda eftir 20% af hagnaði til framtíðargreiðslu sérgreindra höfuðstóla, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. samkomulags A-félagsmanna (nú grein 6.15 í hluthafasamkomulagi). Sú skylda sé hins vegar að öllu leyti ótengd því heimildarákvæði sem stefnandi vísar til í stefnu. Fundargerðir aðalfunda vegna árána 2012-2017 beri ekki með sér að ákvörðun hafi verið tekin um að nýta heimildina í reglunum til að stofna til víkjandi lána heldur eingöngu að greiða ekki út allan hagnað í samræmi við framangreinda heimild og skyldu félagsins.

Skuldabréf sem útgefið hafi verið til greiðslu á sérgreindum höfuðstól stefnanda liggi fyrir og sé á meðal gagna málsins, en stefnandi hafi ekki gert ágreining um fjárhæð eða greiðslu hins sérgreinda höfuðstóls. Geti stefnandi ekki átt kröfu á hendur félaginu vegna þess hagnaðar sem haldið var eftir í félaginu til þess meðal annars að greiða út sérgreindan höfuðstól stefnanda.

Samkvæmt 21. grein laga nr. 50/2007 taki félagsfundur ákvörðun um það hvort greiða skuli félagsmönnum hlut þeirra í hagnaði félagsins. Hagnað sem greiddur sé út skuli samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laganna sem og eldri félagssamningi greiða út eftir ákveðnum reglum sem ákveðnar séu í félagssamningi. Það hafi að öllu leyti verið gert.

Samkvæmt umræddum reglum, sem og eldri félagssamningi, þá beri ekki að greiða út þann hagnað sem haldið hafi verið eftir í félaginu til félagsmanna þegar þeir selja hlut sinn í félaginu. Það beri einungis að gera hafi heimild til töku víkjandi láns verið nýtt. Fundargerðir aðalfunda beri með sér að slík heimild hafi ekki verið nýtt og því á stefnandi ekki kröfu á hendur stefnda D&T sf. um greiðslu „hlutdeildar“ stefnda í því sem haldið var eftir í félaginu.

Hvað varði kröfu um 1/17 hlutdeild í „styrk“ sem Deloitte ehf. á að hafa fengið greiddan í mars 2017 sé það að segja að enginn grundvöllur sé til slíkrar fjárkröfu. Fyrir það fyrsta sé ljóst að hvorki lög né samningar styðji umrædda kröfu stefnanda. Um sé að ræða fjármögnun sem Deloitte ehf. hafi fengið en dómkröfu sé beint að stefnda D&T sf. Telji stefnandi sig eiga rétt til hlutdeildar í umræddri fjármögnun þá beri stefnanda að beina slíkri kröfu að stefnda Deloitte ehf. Þar sem það hafi ekki verið gert beri að sýkna á grundvelli aðildarskorts.

Að auki sé hvergi í lögum né samningum kveðið á um rétt félagsmanna til fjármögnunar sem dótturfélag D&T sf. hafi fengið til fjárfestinga. Hið rétta sé að þar til umræddir fjármunir séu nýttir í fjárfestingar þá feli greiðslan í sér skuldbindingu til handa Deloitte ehf., skuldbindingu sem þurfi að greiða til baka verði fjármunir ekki nýttir til fjárfestinga. Stefnandi eigi hvorki lagalegan né samningsbundinn rétt til hluta þeirrar greiðslu í eigin vasa. Sé sú krafa hans verulega vanreifuð.

Sú fjármögnun sem stefnandi vísi til sé fjármögnun sem Deloitte ehf. hafi sótt um úr sérstökum fjárfestingarsjóði á vegum Deloitte Global, en sjóðnum sé ætlað að fjármagna fjárfestingar sem samræmist stefnu Deloitte á alþjóðavísu um aukið þjónustuframboð aðildarfélaganna. Það þurfi vart að taka fram að úthlutun slíkra fjármuna til eigenda væri fullkominn forsendubrestur fyrir slíkri fjármögnun.

Í ljósi framangreinds liggi það fyrir að ekki sé um að ræða þátt sem hafi áhrif á þær greiðslur sem stefnandi fái frá stefnda D&T sf. við innlausn hluta hans í félaginu.

Þá sé einnig alfarið mótmælt kröfu stefnanda um skaðabætur að fjárhæð 3.968.753 krónur þar sem stefnda D&T sf. „tekjufærði ekki styrkinn“. Ljóst sé að engin skilyrði sakarreglunnar séu uppfyllt hvað þessa kröfu varði. Þrátt fyrir að umrædd fjármögnun frá Deloitte NWE til stefnda Deloitte ehf., gegn hverju kröfu sé ekki beint, verði nýtt til fjárfestinga á síðari tímapunkti þannig að eignamyndun eigi sér stað hjá félaginu þá valdi slíkt stefnanda ekki tjóni, hvað þá tjóni sem stefndi beri ábyrgð á. Stefnandi eigi

ekki frekari rétt til greiðslna við innlausn hluta hans en samið hafi verið um í félagssamningi og verði því ekki fyrir tjóni vegna eignamyndunar í félaginu sem eigi sér stað eftir útgöngu hans.

Að sama skapi telji stefnda D&T sf. að almennar reglur um óréttmæta auðgun geti ekki leitt til þess að stefnandi eigi fjárkröfu á stefnda. Skilyrði reglna um ólögmæti sé að álitni stefndu fjarri því að vera uppfyllt með vísan til framangreinds. Af hálfu stefnanda séu skilyrði beitingar reglunnar ekki reifuð í stefnu og láti stefndu því við það sitja að hafna því að þau séu uppfyllt, enda hvíli á herðum stefnanda að sýna fram á að hann eigi kröfu á þessum grundvelli.

Kröfu stefnanda um dráttarvexti er mótmælt. Fyrir það fyrsta eigi stefnandi enga kröfu á hendur stefndu; í annan stað var enginn umsaminn eða lögbundinn gjalddagi þeirra krafna sem stefnandi setur fram; og að lokum telur stefnda D&T sf. að stefnandi hafi ekki enn lagt fram fullnægjandi sönnun fyrir nokkrum kröfum á hendur stefnda og því ekki möguleiki til útreiknings dráttarvaxta eingöngu vegna þess.

Krafa um viðurkenningu á rétti til hlutdeildar í hagnaði D&T sf. reikningsárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018.

Verði kröfunni ekki vísað frá dómi þá sé, hvað aðalkröfu stefnanda á rétti til hlutdeildar í hagnaði D&T sf. varði, vísað til fyrri umfjöllunar um sama atriði frammar í greinargerð þessari. Sömu sjónarmið gildi um þá kröfu og áður hafi verið rakin, það sé, stefnandi sé bundinn af þeim réttindum og skyldum sem fram komi í eldri félagssamningi en í 3. grein hans komi fram að A-félagsmaður sem selur hlut sinn eða sætir innlausn eigi ekki rétt á hagnaðarhlutdeild vegna þess rekstrarárs sem salan eða innlausnin eigi sér stað. Það sé augljóst að sama til hvaða tímamarks sé litið, hvort sem það sé uppsagnarbréf stefnanda, síðasti starfsdagur hans, innlausn á hlutum eða lok uppsagnarfrests, þá hafi það sömu niðurstöðu í för með sér. Stefnandi eigi ekki rétt á hagnaðarhlutdeild vegna rekstrarársins 2017-2018. Engin rök standi til annars enda hafi umrædd regla verið í gildi hjá félaginu um árabíl, hún sé stefnanda vel kunn og henni hafi verið beitt án athugasemda.

Að auki sé krafist sýknu á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Ljóst sé að úthlutun hagnaðar vegna rekstrarársins 2017-2018 byggist á nýrri félagssamningum, enda hafi þeir verið samþykktir í lok fyrra rekstrarárs og gilt frá og með 1. júní 2017. Úthlutun NWE-eininga og ákvörðun um arðgreiðslu úr Deloitte ehf. sé í höndum Deloitte NWE LLP en ekki stefnda D&T sf. Telji stefnandi sig eiga rétt til hlutdeildar í hagnaði eftir 1. júní 2017 þá ætti stefnandi að beina slíkri kröfu að Deloitte NWE en ekki stefnda D&T sf. Beri því að sýkna vegna aðildarskorts.

Því sé að auki mótmælt að 3. grein samkomulagsins sé óskuldbindandi fyrir stefnanda á grundvelli ógildingarreglna samningaréttar. Vísað sé til fyrri umfjöllunar um sama efni hvað það varði. Stefnandi hafi sjálfviljugur gengist undir þessar skuldbindingar og hafi haft ávinning af samningssambandinu. Þessar sömu reglur hafi gilt um áratugaskeið og gildi enn um aðra eigendur. Sé því ekki um bersýnilega ósanngjarnar eða óheilarlegar reglur að ræða heldur sameiginlega ákvörðun meðeigenda í félagi um það hvernig fari með greiðslu hagnaðar við starfslok og innlausn.

Hvað varði ágreining um innlausnartíma þá vísist til fyrri umfjöllunar. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins skuli innlausn eiga sér stað í þeim mánuði sem A-félagsmaður hætti að skila fullri dagvinnu í dagvinnutíma til samstæðunnar eftir að ákveðið hafi verið að um sölu eða innlausn sé að ræða. Í samræmi við þessa grein samkomulagsins og samkomulag stefnanda og stefndu um að síðasti dagurinn sem hann skilaði fullri dagvinnu í dagvinnutíma til samstæðunnar hafi verið 31. október 2017 þá sendi forstjóri stefnda Deloitte ehf. bréf til stefnanda þar sem hann var upplýstur um að eignarhlutur hans í D&T sf. hefði verið innleystur. Það að stefnandi hafi sent uppsagnarbréf þar sem hann lýsi yfir innlausn eftir 6 mánuði í samræmi við lög nr. 50/2007 hafi engin áhrif á þetta atriði enda hafi félagsmenn í stefnda D&T sf. samið í félagssamningi, líkt og þeim er heimilt, um það hvenær innlausn hluta eigi sér stað. Hlutur stefnanda hafi því verið innleystur 1. nóvember 2017 en ekki 1. janúar 2018.

Það hvort innlausn eigi sér stað 1. nóvember 2017 eða 1. janúar 2018 hafi síðan engin áhrif á niðurstöðu málsins, enda séu báðir dagarnir innan sama rekstrarársins og því enginn réttur til staðar hjá stefnanda, sbr. 3. gr. umrædds samkomulags, til greiðslu hagnaðarhlutdeildar. Það hvort stefnda Deloitte ehf. hafi ekki óskað eftir vinnuframlagi stefnanda frá 31. október 2017 hafi engin áhrif á umræddan

meintan rétt stefnanda enda hafi stefnandi fengið greidd laun út uppsagnarfrest sinn samkvæmt ráðningarsamningi.

Hvað varði fullyrðingu stefnanda um að samkomulagið sé ógilt þá sé vísað til fyrri umfjöllunar um sama atriði.

Stefnandi byggir á því í málsgrein 67 í stefnu að forstjóri stefndu hafi ekki haft umboð til að ákveðna innlausn á eignarhlut stefnanda. Því sé mótmælt. Hið rétta sé að ákvörðun um innlausn og skilyrði hennar eru ákveðin bæði í eldri félagssamningi og nýrri félagssamningum. Það sé síðan hlutverk forstjóra stefndu að hlíta því ákvæði með þeim hætti sem hann hafi gert. Þá skal á það bent að stefnandi hafði þá þegar sjálfur krafist þess í uppsagnarbréfi sínu að eignarhlutur hans yrði innleystur.

Hvað varði vísun til 23. gr. stofnsamnings stefnda D&T sf. þá sé byggt á umfjöllun um sama efni framar í greinargerð þessari.

Varakrafa stefnanda.

Til vara krefst stefnandi viðurkenningar á rétti til hlutdeildar í hagnaði vegna tímabilsins 1. júní 2017 til 1. nóvember 2017, auk skaðabóta þar sem innlausn 1. nóvember 2017 hafi verið saknæm og ólögmat. Því sé mótmælt og vísað til fyrri umfjöllunar um sama efni framar í greinargerð þessari hvað varði kröfu um viðurkenningu á hlutdeild í hagnaði, þar með talið umfjöllun um frávísun á kröfu stefnanda.

Hvað varði kröfu um skaðabætur þar sem innlausn hafi átt sér stað 1. nóvember 2017 „í stað“ 1. janúar 2018, þá vísist einnig til fyrri umfjöllunar sama efnis framar í greinargerð þessari, þar með talið um sýknu vegna aðildarskorts, enda hafi það verið ákvörðun sem tekin var af stjórn Deloitte NWE sem hafi valdið stefnanda tjóni að hans mati. Það sé þó ljóst að mati stefndu að engin skilyrði sakarreglunnar séu fyrir hendi. Innlausnin hafi verið í samræmi við samkomulag A-félagsmanna og stefnandi eigi ekki frekari rétt til greiðslna við innlausn hluta hans en samið hafi verið um í félagssamningi. Hann verði því ekki fyrir tjóni við það að farið sé eftir þeim samningum sem A-félagsmenn gerðu, hvort sem litið sé til eldri félagssamnings skv. aðalkröfu stefndu eða nýrri félagssamninga skv. varakröfu stefndu. Ekkert sem stefndu eða stjórnendur þeirra hafi gert eða gerðu ekki í máli stefnanda valdi þeim skaðabótaskyldu. Krafa stefnanda sé að auki vanreifuð sem ætti að hafa í för með sér frávísun ex officio.

Þrautavarakrafa stefnanda.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að hann eigi rétt til hlutdeildar í samræmi við nýju samningana, nánar tiltekið með vísan til gr. 19.2, sbr. gr. 12.1, í NWE samningunum, sbr. einnig grein 5.3 í hluthafasamkomulaginu. Telur hann sig eiga rétt til hlutdeildar sem samsvarar 235 svonefndum einingum af útgefnum 3975 einingum í hagnaði stefnda D&T sf. reikningsárið 1. júní 2017 til 31. maí 2018. Sé því mótmælt.

Aðallega byggir stefndi D&T sf. á því að stefnandi sé bundinn af eldri félagssamningi A-félagsmanna D&T sf. og geti því ekki byggt rétt á samningi sem hann eigi ekki aðild að. Sé vísað til þeirrar umfjöllunar hér að framan.

Til vara byggir stefndi D&T sf. á því að stefnandi sé bundinn af nýrri félagssamningum. Er sýknukrafa aðallega byggð á aðildarskort og vísist um það til fyrri umfjöllunar framar í greinargerð þessari. Stefndu í máli þessu hafi ekki forræði á greiðslu hagnaðarhlutdeildar á grundvelli nýju samninganna heldur stjórn Deloitte NWE. Telji stefnandi sig eiga rétt til hagnaðarhlutdeildar á grundvelli nýju samninganna beri að beina þeirri kröfu að Deloitte NWE en ekki stefndu. Beri því að sýkna af kröfu þessari vegna aðildarskorts.

Í annan stað, teljist stefndi D&T sf. réttur gagnaðili að kröfu þessari, sé byggt á því að stefnandi hafi glatað rétti sínum til kröfunnar, hafi hann einhvern tíma einhver verið, á grundvelli tómlætis. Vísist þar um til fyrri umfjöllunar framar í greinargerð þessari en ljóst sé að stefnandi mótmælti því ekki innan 60 daga að hann fengi ekki einingum úthlutað. Feli það í sér að hann hafi glatað rétti sínum til mótmæla hafi sá réttur einhvern tíma verið til staðar.

Í þriðja lagi telji stefndi D&T sf. að ekki sé hægt að byggja kröfu um viðurkenningu á rétti til hagnaðar á grundvelli NWE-eininga þegar viðkomandi hafi ekki fengið úthlutað neinum einingum, ekki mótmælt því með réttum hætti og ekki beint kröfu að þeim sem ákvörðun tók um úthlutun eininga. Ljóst sé að kröfugerð stefnanda sé byggð á getgátum um hvað hann „hafi átt að fá“ úthlutað. Síðan fari stefnandi

í frekari bollaleggingar um það hvernig reikna beri út hans hlut í samtals 3.975 einingum án þess að hann hafi nokkurn tíma átt rétt til úthlutunar á grundvelli þeirra. Stefnandi hafi engum einingum fengið úthlutað vegna rekstrarársins 2017-2018, hvorki „formlega“, líkt og hann sjálfur segir í málsgrein 73, eða með öðrum hætti. Sé kröfu hans því alfarið mótmælt sem rangri sem og vanreifaðri.

Þrautþrautavarakrafa stefnanda.

Þrautþrautavarakröfu stefnanda sé mótmælt sem rangri og vanreifaðri. Beri að vísa henni frá dómi ex officio. Að auki sé vísað til fyrri umfjöllunar sama efnis framar í greinargerð þessari hvað varði viðurkenningu á rétti til hlutdeildar í hagnaði, þar með talið kröfu um frávísun á kröfum stefnanda. Hvað varðar kröfu um skaðabætur vísist til fyrri umfjöllunar sama efnis.

Krafa á hendur stefnda Deloitte ehf. vegna vangreidds orlofs.

Þriðja aðalkrafa stefnanda er annars eðlis en fyrri tvær kröfurnar. Þriðja krafan snúi að kröfu stefnanda um vangreitt orlof vegna fasts mánaðarlegs bifreiðastyrks. Telji stefnandi bifreiðastyrk sinn vera hluta af launum sem hafi í för með sér orlofsrétt, enda hafi umræddur bifreiðastyrkur verið greiddur án tillits til þess hvort um akstur hafi verið að ræða eða hversu mikill hann hafi verið. Telji stefnandi bifreiðastyrk í formi endurgreidds kostnaðar ekki vera laun en mánaðarlegan bifreiðastyrk án tillits til aksturs falla undir að vera laun.

Óumdeilt virðist vera milli aðila að starfsmaður eigi rétt á því að fá uppgerð orlofslaun sem hann hafi áunnið sér en ekki nýtt við starfslok og að það orlof skuli reikna sem hlutfall af heildarlaunum. Í gr. 4.1 í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Verslunarmannafélags Reykjavíkur segi að reikna skuli orlofslaun af öllu kaupum hvort sem er fyrir dagvinnu, eftirvinnu eða yfirvinnu. Frekari skilgreiningu sé ekki að finna þar á því hvað sé „allt kaup“ í þessum skilningi. Vísað er í orlofslög nr. 30/1987 að því leyti sem kjarasamningi sleppir en engar skýringar sé að finna í þeim lögum.

Samkvæmt skilgreiningu ríkisskattstjóra þá sé bifreiðastyrkur greiðsla til launþega fyrir það að hann noti eigin bifreið í þágu vinnuveitandans. Geti verið hvort sem er föst greiðsla eða greitt samkvæmt akstursdagbók. Í grunninn sé því bifreiðastyrkur endurgreiðsla á kostnaði starfsmannsins við að nota eigin bifreið í þágu vinnuveitanda. Þegar um endurgreiðslu á kostnaði sé að ræða þá beri ekki að greiða orlof ofan á greidda fjárhæð.

Starfsmaður sem fái bifreiðastyrk geti, með því að fylla út tilskilið eyðublað með skattframtali, fengið skatt sem greiddur hafi verið af bifreiðastyrk endurgreiddan. Sá hluti bifreiðastyrks þar sem skattur sé endurgreiddur teljist ekki hluti heildarlauna, í framangreindum skilningi, sem myndi stofn til útreiknings orlofs.

Stefndi Deloitte ehf. byggir á því að stefnandi hafi fengið allan skatt endurgreiddan af föstum bifreiðastyrk, sbr. framangreint, og beri stefndi því ekki greiðsluskyldu sem samsvarar orlofi af greiddum bifreiðastyrk. Sýni stefnandi fram á, með framlagningu gagna, að það sé ekki rétt, það sé að hann hafi ekki fengið skatt endurgreiddan af bifreiðastyrknum, þá telji stefndi að hann standi í skuld við stefnanda sem nemi orlofi af þeirri fjárhæð sem telst bifreiðastyrkur að því marki sem skattur hafi ekki fengist endurgreiddur.

Sé því skorað á stefnanda að leggja fram skattframtöl sín vegna þeirra ára sem hann byggir kröfugerð sína á, ásamt upplýsingum um endurgreiðslu skatta sem hann kunni að hafa fengið vegna greiðslu bifreiðastyrks. Komi í ljós að stefnandi hafi ekki fengið endurgreiddan tekjuskatt vegna þess bifreiðastyrks sem hann hafi fengið greiddan frá stefnda þá muni stefndi greiða stefnanda orlof af þeirri fjárhæð. Leggi stefnandi ekki fram nein gögn til staðfestingar á því að engin endurgreiðsla tekjuskatts hafi átt sér stað þá telji stefndi einsýnt að stefnandi hafi fært til frádráttar alla þá fjárhæð sem stefndi greiddi stefnanda í formi bifreiðastyrks, hvort sem það hafi verið þann tíma sem hann hafi verið við vinnu, í fríu eða uppsagnarfresti. Hafi það í för með sér sýknu af þessari kröfu stefnanda.

Þrautavarakrafa um verulega lækkun dómkragna stefnanda er byggð á sömu sjónarmiðum og fram komi hér að framan í umfjöllun um málsástæður fyrir aðal- og varakröfu stefndu. Er vísað til þess að breyttu breytanda.

Stefndu byggja kröfur sínar og málsástæður meðal annars á meginreglum félaga-, samninga- og kröfuréttar, almennum reglum vinnuréttar, lögum um sameignarfélag nr. 50/2007, lögum um

samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936, lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Skýrslur fyrir dómi.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi skýrslu. Verður vísað til hennar eftir því sem þörf þykir við úrlausn málsins.

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta snýst um uppgjör á útgönguverði eignarhluta stefnanda í stefnda D&T sf. við uppsögn hans á störfum þann 1. júlí 2017 auk vangreidds orlofs á bifreiðastyrk af hálfu stefnda Deolotte ehf.

Ágreiningslaust er í máli þessu að stefnandi var A-eigandi í stefnda D&T sf. og hafði unnið hjá samsteypunni til fjölda ára. Þá er ágreiningslaust að stefnandi undirritaði samning ásamt öllum öðrum A-félagsmönnum í stefnda D&T sf. þann 14. nóvember 2013 auk þess sem ráðningarsamningur við meðeiganda Deloitte ehf., frá 27. ágúst 2009, liggur fyrir. Ágreiningur varð á milli stjórnenda stefndu og stefnanda þegar stjórn stefndu og aðrir A-félagsmenn en stefnandi gengu til samninga við NWE LLP, D&T sf. og eigendur D&T sf., sem tók gildi þann 1. júní 2017. Undirritaði stefnandi ekki þann samning né aðra samninga tengda því og bar upp mótmæli sín á fundi þar sem samningurinn var undirritaður þann 31. maí 2017. Um var að ræða þrjá samninga. Í fyrsta lagi „Limited Liability Partnership Agreement of Deloitte NWE LLP“, dagsettur 1. júní 2017, sem er nokkurs konar félagssamningur fyrir hið breska sameignarfélag sem ætlast var til að allir Equity-eigendur í Deloitte-félögum sem stæðu að Deloitte NWE keyptu hluti í og gengust í ábyrgð fyrir. Stefnandi hafnaði því að gerast eignaraðili að breska félaginu og gangast í þá ábyrgð sem því fylgdi.

Í öðru lagi svonefnt „Shareholders Agreement for Deloitte ehf.“, dagsettur 1. júní 2017, eða hluthafasamningur fyrir Deloitte ehf. Aðilar samningsins eru D&T sf., Deloitte NWE og allir A-félagsmenn D&T sf. utan stefnanda. Í grein 22.1 í þeim samningi er ákvæði sem segir að það teljist vera heildarsamningurinn milli samningsaðila og koma í stað hvers kyns fyrra samkomulags eða fyrirkomulags varðandi þau atriði sem samkomulagið taki til.

Í þriðja lagi er svonefndur „Partnership Agreement between the A-members of D&T sf.“, dagsettur 1. júní 2017. Í grein 2.3 í þeim samningi segir að hluthafasamningurinn (ásamt svonefndum Nordic-samningi og NWE- eigendasamningi) komi í stað og ógildi öll fyrri eigendasamkomulög milli aðila, auk annarra einstakra slíkra samninga sem tengist félaginu að undanskildum stofnsamningi D&T sf., og gildi þessi samningur aðeins um staðbundin málefni D&T sf.

Milli stefnanda og stefnda Deloitte ehf. gildi ráðningarsamningur sem aðilar undirrituðu 27. ágúst 2009. Í 17. gr. samningsins segir að um gagnkvæman uppsagnarfrest sé að ræða og skuli hann vera a.m.k. sex mánuðir. Taki uppsögn gildi frá fyrsta degi næsta mánaðar. Þann 1. júlí 2017 sagði stefnandi upp ráðningarsamningi sínum hjá stefnda. Samkvæmt uppsagnarbréfinu kemur fram hjá stefnda að hann telji sig vera A-félagsmann og að stefndu séu bundnir við það. Þá gerir stefnandi ráð fyrir því að hann hætti 1. janúar 2018 og uppsögnin taki því gildi þann 1. júlí 2017. Stefnandi hætti störfum þann 1. nóvember 2017.

Í kjölfar nýs samnings milli stefndu og NWE LLP, sem tók gildi 1. júní 2017, voru laun stefnanda lækkuð úr launaflokki A-félagsmanna niður í launaflokk B-félagsmanna. Þá var stefnanda ekki úthlutað einingum sem A-félagsmenn áunnu sér árlega og tóku mið af skilgreindu reiknilíkani í samræmi við ákvæði 2. gr. samkomulags A-félagsmanna frá 14. nóvember 2013. Stefnandi mótmælti þessu strax en stefndi Deloitte ehf. taldi stefnanda ekki geta starfað áfram sem A-félaga þar sem hann tók ekki þátt í nýju samkomulagi né að hann hafi getað fengið úthlutað einingum þar sem hann var ekki aðili að nýjum samningum. Í kjölfar mótmæla stefnanda voru launakjör hans leiðrétt þannig að hann fékk áfram greidd laun sem A-félagismaður. Samkvæmt þessu er tekið undir það með stefnda að hann hafi verið A-félagismaður þar til hann sagði starfi sínu lausu og virkjaði þar með uppgjörskvæði 5. og 6. gr. samnings aðila frá 14. nóvember 2013. Þá hefur þessi uppgjörskvæði stefndu vegna launa stefnanda ekki áhrif á niðurstöðu máls þessa.

Óumdeilt er að stefnandi var aðili að samningi er gerður var þann 14. nóvember 2013 þar sem allir A-eigendur í D&T sf. samþykktu ákveðin skilyrði við inn- og útgöngu í félagið. Þá er ákvæði sem

segir að hætti aðilar að vinna fyrir félagið geti þeir ekki verið A-hlutaeigendur og verði gert að gangast undir úrlausn úr félaginu.

Í 12. gr. samningsins frá 14. nóvember 2013 segir að samkomulaginu verði aðeins breytt að breytingarnar hljóti samþykki 4/5 hluta eigenda. Með samningi A-félagsmanna þann 30. maí 2017 voru allir fyrri samningar milli A-eigenda og D&T sf. felldir úr gildi, þar á meðal samningurinn frá 14. nóvember 2013. Stefnandi var ekki aðili að samningnum þann 30. maí 2017 né 1. júní 2017 og er því ekki skuldbundinn af þeim samningum sem aðrir A-félagsmenn gerðu enda mótmælir hann því sjálfur að svo geti verið.

Þrátt fyrir 12. gr. samnings aðila frá 14. nóvember 2013 er ekkert ákvæði um það hvernig skuli með fara ef samningurinn er felldur úr gildi í heild sinni. Telur dómurinn að með því að stefnandi samþykkti ekki fyrirkomulag nýrri samninga hafi aðrir hluthafar ekki getað fellt fyrri samning úr gildi þannig að stefnandi væri samningslaus.

Telur dómurinn að þessari niðurstöðu fenginni að stefndu hafi, þrátt fyrir nýjan samning þann 30. maí 2017, verið skuldbundnir stefnanda samkvæmt samningnum frá 14. nóvember 2013 og sá samningur hafi verið í gildi gagnvart stefnanda þegar hann sagði upp störfum 1. júlí 2017.

Í lögum nr. 50/2007 um sameignarfélög eru í 32. gr. ákvæði um hvernig skuli fara með úrsögn (innlausn) félagsmanna. Í 6. mgr. ákvæðisins segir að víkja megi frá þeim ákvæðum með samningi. Það gerðu A-félagsmenn stefndu ásamt stefnanda með samningi þann 14. nóvember 2013. Hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að sá samningur hafi gilt um stefnanda og stefnandi og stefndi D&T sf. verið bundnir af honum þegar stefnandi sagði starfi sínu lausu hjá stefnda Deloitte ehf. þann 1. júlí 2017.

Við uppsögn stefnanda á störfum sínum fyrir stefndu virkjaðist 4. gr. stofnsamnings D&T sf. frá 26. september 2015 en þar segir að félagsmenn í D&T sf. geti þeir einir verið sem séu fastráðnir starfsmenn samstæðufélagsins samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi sem gerður sé við félagsmenn. Þá segir í 2. mgr. 4. gr. að láti félagismaður af störfum hjá samstæðunni skuldbindi hann sig til að selja félaginu eignarhlut sinn er hann hætti störfum og sé félaginu skylt að kaupa nema seljandi samþykki annað og slík frestun hljóti einróma samþykki allra A-félagsmanna. Var stefnandi aðili að þessum stofnsamningi. Þá virkjaðist einnig 3., 4. og 5. gr. samnings aðila frá 13. nóvember 2013.

Stefnandi gerir í aðalkröfu sinni kröfu um að stefnda D&T sf. verði gert að greiða stefnanda 135.109.881 krónu með tilgreindum dráttarvöxtum frá 1. janúar 2018 og byggir kröfu sína á 1.-3. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007.

Byggir stefnandi á því að við innlausnarverð eignarhluta stefnanda í D&T sf. skuli ákveðið eftir 1.-3. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélög en ekki eftir ákvæðum þeirra samninga sem gerðir hafa verið meðal félagsmanna D&T sf., enda telur stefnandi þá ekki gilda um innlausn á eignarhlut sínum. Byggir stefnandi á því að samkomulagið frá 14. nóvember 2013 hafi fallið úr gildi þegar gerðir voru nýir samningar milli allra A-félagsmanna utan stefnanda sem tóku gildi 1. júní 2017.

Stefndi mótmælir þessu og byggir á því aðallega að stefnandi sé bundinn af eldri félagssamningi en sá samningur hafi ekki verið felldur úr gildi við gerð nýrri samninga. Gert hafi verið upp við stefnanda á grundvelli samnings aðila frá 14. nóvember 2013.

Eins og rakið er að framan hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi og stefndi D&T sf. hafi verið bundnir af samningi A-félagsmanna frá 14. nóvember 2014.

Í 1. mgr. 5. gr. samkomulagsins segir að inn- og útgönguverð í D&T sf. sé í formi gegnumstreymiskerfis. Við inngöngu greiða félagsmenn 20.000.000 króna sem bundið er vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 1. júní 2013. Sé greitt með skuldabréfi skal fjárhæðin bera 4% fasta vexti og afborgunartími vera 10 ár. Þá segir í 3. mgr. greinarinnar að við útgöngu skuli greiða út „útgönguverð“ stofnverðs (gegnumstreymisverð) auk sérgreinds höfuðstóls með skuldabréfum sem skulu bundin vísitölu neysluverðs. Sömu kjör gilda um greiðslu vegna sérgreinds höfuðstóls utan að þau bera 5% vexti. Ekki er í ákvæðinu greint á milli þess hvort félagismaður gengur sjálfviljugur úr félaginu eða ekki. Verður því ekki ályktað á annan veg en þann að ákvæði 3. mgr. 5. gr. samkomulagsins eigi við um útgöngu félagsmanns úr félaginu óháð því af hvaða ástæðum hún er og eigi sömu reglur að gilda í báðum tilvikum um útgönguverð. Að mati dómsins er

stefnandi bundinn af þessu ákvæði samningsins og því er dómkröfu stefnanda samkvæmt aðalkröfu hans hafnað.

Stefnandi byggir á því, verði talið að annaðhvort samkomulagið frá 14. nóvember 2013 eða nýju samningarnir hafi gildi um stefnanda, þá séu þeir óskuldbindandi fyrir hann á grundvelli ógildingarreglna samningaréttar og vísar til 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Þessu mótmælir stefndi.

Að mati dómsins hefur stefnandi ekki sýnt fram á að 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 eigi við varðandi uppgjör aðila þannig að það sé bersýnilega ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að gera upp við stefnanda á grundvelli samningsins. Stefnandi átti sjálfur aðild að gerð samningsins frá 14. nóvember 2013 og samkvæmt stefnda hefur stefnandi fram til þessa ekki mótmælt því að stuðst hafi verið við þær reglur við inn- og útgöngu félagsmanna fram til þessa. Hefur ákvörðun annarra A-félagsmanna um að ganga til samninga hver með öðrum eða nýjum félögum engin áhrif á skuldbindingargildi samnings aðila stefnanda og stefndu.

Stefnandi byggir varakröfu sína á hendur stefnda D&T sf. að fjárhæð 14.411.928 krónur auk tilgreindra vaxta á því að hann eigi, samkvæmt almennum reglum um sameignarfélög, sbr., 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2007, rétt á hlutdeild í eftirstæðum hagnaði rekstraráranna 2012/2013, 2013/2014, 2014/2015, 2015/2016 og 2016/2017 fram að þeim tíma er hlutur hans var með réttu innleystur 1. janúar 2018. Byggist þessi krafa, eins og aðalkrafan, á því að stefnandi hafi verið óbundinn af bæði eldra samkomulagi A-félagsmanna frá 14. nóvember 2013 og nýja samningnum frá 1. júní 2017. Kveðst stefnandi eiga hlutdeild í þeim höfuðstól sem myndast hafi þessi rekstrarár og myndi eftirstæðan hagnað. Byggir þessi krafa á því að haldið hafi verið eftir hluta hagnaðar í félaginu sem víkjandi láni í samræmi við ákvæði reglna félagsins um hagnaðarskiptingu.

Stefndi mótmælir þessar kröfu og kveður þá heimild stjórnar stefnda D&T sf. að halda eftir hluta hagnaðar ár hvert aldrei hafa verið nýtt. Ekkert í gögnum málsins né fundargerðum stefnda sýni fram á að þessi heimild hafi verið nýtt. Hins vegar hafi það verið skylda félagsins að halda eftir 20% af hagnaði til framtíðargreiðslu sérgreindra höfuðstóla, sbr. 3. tl. 1. mgr. 2. gr. eldra samkomulagsins. Hlutdeild í sérgreindum höfuðstól hafi verið gerð upp við stefnanda með útgáfu skuldabréfs og hafi ekki verið gerður ágreiningur um fjárhæðina eða greiðslu hins sérgreinda höfuðstóls. Verður stefndi D&T sf. því sýknaður af þessari kröfu stefnanda.

Þá er hluti þessarar kröfu stefnanda sú að hann eigi kröfu að fjárhæð 3.968.753 krónur vegna réttar hans til 1/17 hlutdeildar í 84.336.000 króna styrk sem hafi verið greiddur í mars 2017 frá alþjóðafyrirtæki Deloitte í gegnum Deloitte Nordic vegna fjárfestinga aðildarfélaganna í uppbyggingarverkefnum næstu tvö árin. Styrkurinn skyldi greiddur út eftir fjárfestingu sem hefði verið viðurkennd styrkhæf en ekki fyrirfram.

Stefndu mótmæla þessari kröfu og segja umþrættan styrk hafa verið veittan stefnda Deloitte ehf. en ekki stefnda D&T sf. en kröfunni sé beint að þeim síðarnefnda. Þá sé umþrættum styrk ætlað að fjármagna fjárfestingar sem samræmist stefnu Deloitte á alþjóðavísu um aukið þjónustuframboð aðildarfélaganna. Þar til umræddir fjármunir séu nýttir í fjárfestingar þá feli greiðslan í sér skuldbindingu til handa Deloitte ehf., skuldbindingu sem þurfi að greiða til baka verði fjármunir ekki nýttir til fjárfestinga. Því sé um skuld að ræða hjá stefnda Deloitte ehf. Stefnandi geti því ekki átt kröfu um hlutdeild í þeirri fjármögnun. Samkvæmt ársreikningi Deloitte ehf. fyrir rekstrarárið 2017/2018 er þessa styrks ekki getið sem tekjuliðar. Er ársreikningurinn áritaður af endurskoðanda félagsins svo og liggur skýrsla stjórnar einnig fyrir. Í engu er getið um umræddan styrk og óhrakið er af stefnanda að meintur styrkur sé undir skuldalið í efnahagsreikningi félagsins.

Tekur dómurinn undir með stefnda D&T sf. að stefnandi hafi ekki sannað að um sé að ræða greiðslu sem með réttu hefði átt að tekjufæra og verða þannig hluti af hagnaði til skipta fyrir A-félagsmenn og ber að sýkna stefnda af henni með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi krefst viðurkenningar á 1/18 hlutdeildar í hagnaði D&T sf. vegna tímabilsins 1. júní 2017 til 1. janúar 2018. Byggir hann kröfu sína á lögum um sameignarfélög en til vara á ógildingarreglum 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Rekstrarár stefnda D&T sf. er frá 31. maí til 1. júní ár hvert. Einingum sem eru grunnur að hagnaðarskiptingu A-félagsmanna er úthlutað fyrirfram til eins árs og gilda frá 1. júní til 31. maí ár hver. Stefndu mótmæla kröfu stefnanda og byggja á því að aðilar séu bundnir af eldri samningi aðila og því beri að hafna þessari kröfu.

Dómurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi og stefndi D&T sf. séu bundnir af samningi aðila frá 14. nóvember 2013. Í 3. gr. samningsins segir að A-félagsmaður, sem selur hlut sinn eða sætir innlaun, eigi ekki rétt á hagnaðarhlutdeild vegna þess rekstrarárs sem salan eða innlausnin á sér stað á. Undir þetta ákvæði gekkst stefnandi með undirritun sinni á samninginn. Stefnandi sagði upp störfum þann 1. júlí 2017 og hætti störfum hjá félaginu þann 1. nóvember 2017. Á því 3. gr. samkomulagsins frá 14. nóvember 2017 við um stefnanda. Verður þessari kröfu stefnanda því hafnað.

Þá telur dómurinn að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að uppgjörið sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936. Er þá horft til þess að stefnandi stóð sjálfur að útgáfu og samningu eldra samkomulags aðila. Er stefndi því sýkn af þessari kröfu.

Sömu rök eiga við um varakröfu stefnanda vegna viðurkenningar á 1/18 hlutdeildar í hagnaði D&T sf. vegna tímabilsins 1. júní 2017 til 1. nóvember 2017. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á að hann hafi öðlast bótarétt á hendur stefnda á grundvelli þess að stefndi D&T sf. hafi valdið stefnanda tjóni með ólögumætum og saknæmum hætti við uppgjör og innlaun á eignarhlut stefnanda þann 1. nóvember 2017 í stað 1. janúar 2018. Verður stefndi D&T sf. því sýknaður af þessari kröfu.

Varðandi þrautavara- og þrautþrautavarakröfu stefnanda verður henni hafnað með sömu rökum og kemur fram að framan varðandi aðalkröfur stefnanda en stefnandi er óbundinn af nýjum samningum sem A-félagsmenn gerðu í lok maí og byrjun júní 2017 og getur ekki átt réttindi samkvæmt þeim. Er þessum kröfum því hafnað.

Stefnandi krefst vangreidds orlofs úr hendi stefnda Deloitte ehf. að fjárhæð 620.739 krónur með tilgreindum vöxtum. Byggir hann kröfuna á því að hluti launakjara hans hafi verið bifreiðastyrkur að fjárhæð 270.000 krónur á mánuði. Ekki er ágreiningur um að stefndi Deloitte ehf. hafi verið launagreiðandi stefnda.

Samkvæmt gögnum málsins hefur tekjuskattur verið dreginn af bifreiðastyrknum mánaðarlega og stefndi með því viðurkennt að um sé að ræða hluta launa til handa stefnanda. Undir rekstri málsins krafði stefndi Deloitte ehf. stefnanda um afrit skattframtals hans og í kjölfar dró stefndi þá fjárhæð sem stefnandi hafði talið fram sem kostnað á móti bifreiðastyrknum frá orlofskröfu stefnanda og greiddi honum mismuninn að fjárhæð 561.798 krónur þann 21. janúar 2019. Telur stefndi Deloitte ehf. sig hafa gert upp orlof stefnanda vegna þessa launaliðar að fullu. Því mótmælir stefnandi og telur stefnda óheimilt að draga frá áunnu orlofi uppgjör stefnanda við skattayfirvöld vegna bifreiðakostnaðar.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að uppgjör stefnanda við skattayfirvöld hafi eða eigi að hafa áhrif á orlofsgreiðslur af þessum launalið. Stefndi hefur viðurkennt að um launagreiðslur sé að ræða. Þá kvaðst lögmaður stefnda hafa átt hugmyndina að þessari uppgjörsaðferð en hann vissi ekki um það hvort þessi aðferð hafi tíðkast hjá stefnda gagnvart öðrum launþegum félagsins.

Telur dómurinn að það sé ekki hlutverk launagreiðanda að endurskoða hvernig launþegar gera upp sín launamál í persónulegu skattframtali gagnvart skattayfirvöldum og það hafi verið stefnda óheimilt að draga frá orlofsuppgjóri við stefnanda þá fjárhæð sem stefnandi kveður hafa verið útlagðan kostnað við rekstur bifreiðar í störfum sínum. Verður þessi krafa stefnanda því tekin til greina eins og segir í dómsorði.

Þann 1. nóvember 2017 gaf stefndi D&T sf. út tvö skuldabréf til stefnanda. Annað bréfið er að fjárhæð 21.487.000 krónur til tíu ára og hitt bréfið að fjárhæð 25.414.000 krónur til tíu ára. Eru skuldabréfin bundin vísitölu neysliverðs með annars vegar 4% vöxtum og hins vegar 5% vöxtum. Er skuldabréfið að fjárhæð 25.414.000 krónur gefið út vegna innlausnar á sérgreindum höfuðstól. Hitt bréfið að fjárhæð 21.487.000 krónur er gefið út vegna innlausnar á stofnfjárluta stefnanda.

Eru bæði skuldabréfin gefin út með stoð í 5. gr. samnings aðila frá 14. nóvember 2013. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á að útreikningar vegna útgáfu bréfanna séu ekki í samræmi við ákvæði samningsins.

Telur dómurinn stefnda D&T sf. því hafa gert upp starfslok við stefnanda eins og samningur þeirra frá 14. nóvember 2013 kveður á um. Verður stefndi D&T sf. því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Stefnda Deloitte ehf. verður gert að greiða stefnanda vangoldið orlof eins og segir í dómsorði.

Að þessum málalokum virtum, með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991, verður stefndi Deloitte ehf. dæmdur til að greiða stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda D&T sf. 2.000.000 króna í málskostnað.

Dóm þennan kveða upp, Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari og Margret G. Flóvenz löggiltur endurskoðandi.

Dómsorð.

Stefndi D&T sf. er sýkn af kröfum stefnanda Birkis Leóssonar.

Stefndi Deloitte ehf. skal greiða stefnanda 58.941 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 620.739 krónum frá 31. janúar 2018 til 21. janúar 2019 en af 58.941 krónu frá þeim tíma til greiðsludags.

Stefndi Deloitte ehf. greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Stefnandi greiði stefnda D&T sf. 2.000.000 í málskostnað.